

HÖSKULDUR ÞRÁINSSON, ÁSTA SVAVARSDÓTTIR,
EIRÍKUR RÖGNVALDSSON, JÓHANNES GÍSLI JÓNSSON,
SIGRÍÐUR SIGURJÓNSDÓTTIR, ÞÓRUNN BLÖNDAL

Hvert stefnir í íslenskri setningagerð?

Um samtímalegar kannanir og málbreytingar

1. Inngangur

Markmið þessarar greinar¹ er tvenns konar:

- (1) a. Að gefa yfirlit yfir nokkur tilbrigði í íslenskri setningagerð og skoða hvort dreifing afbrigðanna getur gefið okkur vísbendingar um það hvert þróunin stefnir.
- b. Að nota þann efnivið sem safnað hefur verið um þessi atriði í nýlegu rannsóknarverkefni til þess að fjalla á almennan hátt um það að hvaða marki er hægt að nota gögn úr samtímalegum könnunum til þess að átta sig á málbreytingum og eðli þeirra.

Fyrra markmiðið má kalla **lýsandi** því þar er einkum verið að lýsa niðurstöðum úr tiltekinni rannsókn. Hið síðara er **fræðilegt** í þeim skilningi að þar verður velt upp spurningum um málbreytingar og rannsóknaraðferðir. Um leið verða ýmis fræðileg hugtök kynnt til sögunnar og útskýrð eftir því sem ástæða þykir til.

Til þess að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að fjalla um nokkuð mörg afbrigði og bera útbreiðslu þeirra saman. Af því leiðir m.a. að hér er hvorki rúm til fjalla nákvæmlega um setningafræðilega gerð afbrigðanna né freista þess að skýra hvernig þau eru til komin í upphafi. Þess vegna er ekki heldur vísað nákvæmlega í skrif fræðimanna um þau setningafræðilegu atriði sem rædd eru í greininni heldur yfirleitt látið nægja að vísa í handbækur eða yfirlitsrit, en þaðan geta áhugasamir oftast rakið sig áfram. Loks er yfirleitt ekki fjallað um hliðstæð fyrirbæri í nágrannamálunum eða öðrum málum, enda skipta slík atriði ekki meginmáli fyrir markmið greinarinnar. En til þess að lesendur átti sig betur á markmiðunum er

¹ Greinin hefur notið góðs af ítarlegum og vönduðum athugasemdum Haraldrar Bernharðssonar ritstjóra og tveggja ónafngreindra ritrýna. Höfundar þakka ábendingarnar og biðjast um leið velvirðingar á því að hafa ekki tekið þær allar til greina skilyrðislaust.

nauðsynlegt að hafa nokkurn inngang um mismunandi aðferðir í rannsóknnum á málbreytingum.

Málvísindamenn gera oft greinarmun á **samtímalegum** (e. *synchronic*) rannsóknum annars vegar og **sögulegum** (e. *diachronic*) hins vegar. Í fyrria tilvikinu er verið að rannsaka tungumál á tilteknum tíma, í því síðara að skoða þróun þess á ákveðnu tímabili. Íslensku orðin *samtímalegur* og *sögulegur* eru þó ekki að öllu leyti heppileg í þessu samhengi. Ein ástæðan er sú að við höfum sjálfsgagt flest tilhneigingu til að tengja orðið *samtímalegur* við nútímann, þ.e. samtíma okkar sjálfra, en svokallaðar samtímalegar rannsóknir í þessum skilningi (þ.e. synkrónískar) geta í raun beinst að hvaða tímabili sem er. Þess vegna gæti verið skýrara að nota orðið *eintímalegur* sem þýðingu á *synchronic* hér. Rit Jóns Helgasonar (1929) um nýjatestamentisþýðingu Odds Gottskálkssonar frá 16. öld er þannig fyrst og fremst eintímaleg rannsókn í þessum skilningi (þótt þar sé stundum bent á atriði sem eru lík eða ólík því sem var í eldra máli eða finna má á síðari tímum) og sama er að segja um nýlega doktorsritgerð Jóhannesar Bjarna Sigtryggssonar (2011) um málið á ævisögu Jóns Steingrímssonar frá 18. öld. Aftur á móti rekur yfirlitsgrein Hreins Benediktssonar (1959) sögu íslenska sérhljóðakerfisins í gegnum margar aldir og mætti því kallast *fjöltímaleg*, en það er einmitt einkenni rannsókna sem eru sagðar „diakrónískar“.²

Við sjáum af þessu að eintímaleg athugun á einhverju tungumáli á liðnum tíma, t.d. íslensku, getur gefið okkur mikilvægar sögulegar upplýsingar. Þær fáum við þó yfirleitt með því að bera niðurstöður þeirrar athugunar við hliðstæða rannsókn frá öðrum tíma, t.d. nútímanum (samtíma okkar). Þá getum við séð hvað hefur breyst frá einum tíma til annars og um leið er komin fjöltímaleg vidd í rannsóknina. En við getum líka fengið vísbendingar um málbreytingar með því að skoða málið bara á einum tilteknum tíma. Til þess þurfum við hins vegar að bera saman mál ólíkra einstaklinga sem eru uppi á þessum tíma, t.d. mál ólíkra kynslóða. Þetta skýrist nánar hér á eftir.

Með hliðsjón af þessu má skipta rannsóknum á málbreytingum í eftirfarandi tvo flokka meðal annarra:³

² Hér notum við viljandi orðið *diakrónískur* frekar en *sögulegur* af því að söguleg rannsókn þarf í sjálfu sér ekki að vera fjöltímaleg samkvæmt íslenskri málvenju, eins og sjá má af næstu efnisgrein.

³ Með orðalaginu „meðal annarra“ er átt við það að til þess að fá fulla mynd af því hvernig málbreytingar breiðast út líta málfræðingar oft á fleiri bakgrunnsbreytur en aldur eins og nánar er lýst hér á eftir.

- (2) a. Rannsóknir á tilteknu máli á mismunandi tímum.
 b. Rannsóknir á máli ólíkra kynslóða sem tala tiltekið mál á sama tíma.

Hefðbundnar rannsóknir á málsögu eru af gerð (2a), t.d. þegar við berum heimildir um forníslensku saman við það sem við vitum um íslenskt mál á öðrum tímum og drögum ályktanir af þeim samanburði um það hvað hefur breyst í aldanna rás (sjá t.d. umræðu hjá Margréti Guðmundsdóttur 2008 og í ritum sem þar er vísað til). Þegar þetta er ritað er unnið að viðamikilli rannsókn á heimildum um íslenskt mál á 19. öld (sjá vefslóðina <http://www.arnastofnun.is/page/LCLV19>) og með því að bera niðurstöður úr þeirri rannsókn saman við það sem við vitum um íslensku 21. aldar má sjá hvað hefur breyst og hvernig.

Rannsóknir á samtímalegum tilbrigðum eru hins vegar augljóslega af gerð (2b) og slíkar rannsóknir hafa færst í vöxt á Íslandi undanfarna áratugi. Þar má t.d. nefna rannsókn Kristjáns Árnasonar og Höskuldar Þráinssonar á framburðartilbrigðum á níunda áratug síðustu aldar, en hún náði til yfir 3000 þátttakenda á ýmsum aldri og um allt land (sjá yfirlit hjá Höskuldi Þráinssyni og Kristjáni Árnasyni 1992, 2001, hjá Kristjáni Árnasyni og Höskuldi Þráinssyni 2003, og hjá Kristjáni Árnasyni 2005, 11. kafla). Árið 2004 hófst síðan viðamikil rannsókn á tilbrigðum í íslenskri setningagerð.⁴ Markmiðið var að kanna eðli og útbreiðslu flestra þeirra íslensku setningatilbrigða sem vitað var um. Í (3) má sjá nokkur sýnishorn af þessum tilbrigðum:

- (3) a. **Hún/Hana/Henni** hlakkar mikið til.
 b. Haraldur veit að þú elskar **hann/sig**. [þar sem *hann* = *Haraldur*]
 c. Við spilum þótt það **hafi/hefur** rignt dálítið í nótt.
 d. Honum **leiddust/leiddist** tónleikarnir mjög mikið.
 e. Helmingur nemenda **talar/tala** ekki íslensku.

Þegar þetta er ritað er unnið að heildaryfirliti yfir niðurstöður úr þessu verkefni og fyrsta bindið er þegar komið út (sjá nmgr. 4).

Tilbrigði í máli eru oftast vitnisburður um málbreytingar: Þegar tvö afbrigði⁵ eru í notkun á sama tíma má yfirleitt gera ráð fyrir því að annað

⁴ Þetta verkefni var styrkt af Rannsóknasjóði árin 2004–2007, eins og rakið er í bókinni *Tilbrigði í íslenskri setningagerð I* (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.) 2013). Hér með er þakkað fyrir þann stuðning. Höfundar þessarar greinar mynduðu stjórn verkefnisins og Höskuldur var verkefnisstjóri.

⁵ Í umræðu um mál hefur orðið *tilbrigði* stundum verið notað um breytileikann sjálfan og stundum um þau afbrigði sem þar koma fram. Þetta getur stundum valdið ruglingi

þeirra sé eldra en hitt og sé þá sé nýjung eða hafi a.m.k. einhvern tíma verið það. Stundum er vitað hvort afbrigðið er eldra en stundum ekki. Í þessari grein verður sagt frá nokkrum af þeim tilbrigðum í íslenskri setningagerð sem sýndu mismunandi tengsl við aldur þátttakenda í þeirri rannsókn sem hér er byggt á. Auðvitað má rannsaka tengsl tilbrigða í máli við ýmsa aðra þætti en aldur, svo sem við menntun, kyn og búsetu, og það er gert í rannsóknarverkefninu sem greinin er sprottin úr. Ástæðan fyrir því að aldursbreytan er valin hér er í fyrsta lagi sú að þau tilbrigði sem voru skoðuð í verkefninu sýndu oftast skýrari tengsl við aldur en nokkra aðra félagsbreytu. Í öðru lagi hentar aldursbreytan best til þess að ná þeim markmiðum sem stefnt er að í greininni, þ.e. að skoða hvert þær breytingar stefna sem hér eru til umræðu, þ.e. hvaða afbrigði eru í sókn, hver eru á undanhaldi, hvaða tilbrigði virðast nokkuð stöðug og hvað má læra um eðli málbreytinga almennt af því að athuga hvernig og hversu hratt breytingarnar virðast breiðast út. Greinin er hins vegar fyrst og fremst yfirlit ætlað til þess að varpa ljósi á stóru línurnar og vekja spurningar um hvernig á því stendur að þær eru stundum líkar og stundum ólíkar. Slíkum spurningum verður aftur á móti ekki svarað í smáatriðum nema með nákvæmari skoðun á einstökum tilbrigðum en rúm er til í þessari grein eins og þegar var nefnt. Þess vegna verður hún óhjákvæmilega dálítið ágripskennd.

Skipulag greinarinnar er á þessa leið: Í 2. kafla er fjallað almennt um það hvað má lesa út úr rannsóknum af þessu tagi um stefnu og hraða málbreytinga. Í 3. kafla er sagt stuttlega frá helstu rannsóknaraðferðum í því verkefni sem hér er á dagskrá. 4. kafli er síðan aðalkafli greinarinnar. Þar er gefið yfirlit yfir tilbrigði sem sýna mismunandi tengsl við aldur málnotenda, en þátttakendur í rannsókninni voru flokkaðir í fjóra aldurshópa. Fyrst er fjallað um afbrigði sem einkum virðast hluti af máli yngstu þátttakendanna og síðan um afbrigði sem ná til allra aldurs hópa en í mismiklum mæli. Með því að flokka afbrigðin á þennan hátt má fá vísbendingar um hver þeirra eru yngst (þau sem einkum eru samþykkt af þátttakendum í yngstu hópunum) og hver eru eldri. Af samanburði við aðrar heimildir má síðan oft ráða hvort afbrigðin hafi breiðst hratt út og þvert á kynslóðaskil eða ekki. Í 5. kafla eru svo loka-

eða misskilningi. Þess vegna verður hér reynt að nota frekar orðið *afbrigði* þegar rætt er um það sem er breytilegt. Eins og (3a) sýnir eru þá **tilbrigði** (þ.e. breytileiki) í fallnotkun með sögninni *hlakka til* og þau **afbrigði** sem skiptast á eru nefnifall, þolfall og þágufall.

orð þar sem dregið er saman hvað þessi gögn geta sagt okkur um það hvert stefnir í íslenskri setningagerð og um eðli tilbrigða og útbreiðslu málbreytinga almennt.⁶

2. Túlkun samtímalegra gagna um tilbrigði

2.1 Dæmi um tvíæð gögn

Í þessum kafla verður megináherslan lögð á það að sýna að túlkun samtímalegra gagna um tilbrigði er ekki alltaf eins einföld og ætla mætti. Til þess að sýna þetta verða tekin dæmi úr fleiri en einni rannsókn.


Eitt af því sem Kristján og Höskuldur skoðuðu í áðurnefndri rannsókn sinni á framburðartilbrigðum (RÍN)⁷ var svokallaður *ks*-framburður. Sú nafngift vísar til þess að borið sé fram lokhljóðið [k] en ekki öngljóðið [x] á undan [s] í dæmum eins og þessum:

(4) buxur [pyksyr]/[pyxsyr] , fax [faks]/[faks], hugsa [hyksa]/[hyksa]

Fyrri hljóðritunin í þessum dæmum táknar þá *ks*-framburðinn og í RÍN-rannsókninni reyndist hann næstum eingöngu bundinn við yngstu kynslóðina, eins og sjá má á mynd 1 (sjá líka samsvarandi mynd hjá Höskuldi og Kristjáni 2001 og línurit hjá Kristjáni 2005:415):

⁶ Yfirlsari bendir á að ekki sé alltaf ljóst hvað átt er við með orðinu *útbreiðsla* í þessari grein, enda fjalli greinin „fyrst og fremst um mat þátttakenda á ýmsum tilbrigðum“ og varasamt geti verið „að leggja mat þátttakenda á þeim að jöfnu við málnotkun þeirra“. Þetta er ágæt ábending sem varðar bæði aðferðafræði tilbrigðarannsóknna almennt og hugmyndir málfræðinga um mál, málkunnáttu og málbeitingu. Ýmsir líta þó svo á að mat á setningum gefi ekki síðri upplýsingar en málnotkun um þá málkunnáttu sem liggur að baki. Ef tiltekin nýjung í setningagerð fær t.d. almennt jákvæða dóma á Siglufirði en neikvæða í Vestmannaeyjum má því túlka það sem svo að *útbreiðslan* nái til Siglufjarðar en ekki til Vestmannaeyja án þess að sú túlkun hafi verið studd með gögnum um málnotkun. Auðvitað er samt æskilegt að bera dóma og málnotkun saman þegar þess er kostur. Um aðferðafræði í könnunum af þessu tagi má annars vísa til ítarlegrar umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni, Ásgrími Angantýssyni o.fl. (2013), en þar er m.a. fjallað um það hversu áreiðanlegar upplýsingar um málkunnáttu sé hægt að fá með ólíkum rannsóknaraðferðum og hversu sambærilegar þær séu. Samanburður á niðurstöðum spurningakannana við málnotkun er svo sérstaklega til umræðu hjá Ástu Svavarsdóttur (2013).

⁷ Verkefni þeirra Kristjáns og Höskuldar nefndist Rannsókn á íslensku nútímamáli og þess vegna er oftast vísað til þess með skammstöfuninni RÍN. Það verður einnig gert hér.



Mynd 1: Mismunandi tíðni ks-framburðar í máli ólíkra kynslóða þátttakenda í RÍN.

„Meðaleinkunnin“ á mynd 1 er reiknuð sem hér segir: Bæri þátttakandi orð eins og *buxur*, *fax* fram með ks-framburði var gildið 2 slegið inn í tölvuforritið fyrir hvert tilvik en bæri hann samsvarandi orð fram með öngljóðsframburði var gildið 1 slegið inn. Síðan má leggja þessi gildi saman og deila í með fjölda tilvikanna, bæði fyrir hvern þátttakanda og fyrir heila þátttakendahópa. Á mynd 1 hefur það verið gert fyrir fimm mismunandi aldurshópa (í tölfræðiforritinu *Statistical Package for the Social Sciences*, SPSS). Myndin sýnir þá að þátttakendur úr yngsta aldurshópnum notuðu ks-framburð langoftast, þeir næstýngstu næstoftast o.s.frv. Hér er því greinilegur kynslóðamunur á ferð.⁸

⁸ Hér, eins og í flestum skrifum um RÍN-verkefnið, hefur kommuni í meðaleinkunninni verið eytt, þannig að 100 tákna meðaleinkunnina 1,00 (þ.e. að framburðurinn kom aldrei fyrir hjá viðkomandi aldurshópi), 200 tákna 2,00 (þ.e. að viðkomandi framburður hafi alltaf verið notaður þar sem þess var kostur) o.s.frv. — Síðan er vert að ítreka að þessar tölur segja **ekki** til um það hversu hátt hlutfall þátttakenda í hverjum aldurshópi

Það liggur beinast við að túlka gögn af þessu tagi sem vísbendingu um það að *ks*-framburðurinn hafi verið ung nýjung á þessum tíma og þess vegna fyrst og fremst bundinn við mál yngstu kynslóðarinnar þá. Sú túlkun fær líka stuðning af því að þessa framburðar er ekki getið í eldri rannsóknnum á tilbrigðum í íslenskum framburði (sjá t.d. Jón Ófeigsson 1920–1924, Björn Guðfinnsson 1946, 1947, 1964). Þeir Kristján og Höskuldur túlkuðu þessar niðurstöður einmitt á þennan hátt í þeim skrifum sem áður er vísað til. Í tilvikum af þessu tagi er oft talað um **málbreytingu í sýndartíma** (e. *linguistic change in apparent time*) því að myndir á borð við *mynd 1* sýna auðvitað ekki ástand málsins á ólíkum tímum og þar með raunverulega framvindu málbreytingar yfir tiltekið tímabil heldur aðeins kynslóðamun á ákveðnum tíma. Bandaríski félagsmálfræðingurinn William Labov mun hafa verið brautryðjandi í því að nota hugtakið **sýndartími** (e. *apparent time*) í þessu samhengi (t.d. 1966), en fram að því höfðu málfræðingar fyrst og fremst stuðst við aðferð (2a) við athuganir á málbreytingum (sjá t.d. umræðu hjá Bailey o.fl. 1991, Eckert 1997, Bailey 2002, Chambers 2002 og í ritum sem þar er vísað til, sbr. líka Labov 1972 og 2001:45 o.áfr.).

Það er hins vegar ekki fyrirfram gefið að súlurit á borð við *mynd 1* (eða samsvarandi línurit) gefi vísbendingar um málbreytingu í sókn. Annar túlkunarmöguleiki er sá að það málfarseinkenni sem í hlut á (hér *ks*-framburðurinn) sé bundið við tiltekið aldursskeið. Þess háttar túlkun á *mynd 1* fæli þá í sér að *ks*-framburður væri einkenni á málfari unglinga á **hverjum tíma** en eltist síðan af þeim. Slík fyrirbæri eru auðvitað til og þá er talað um **aldursbindingu** (e. *age-grading*, sbr. þau rit sem vísað er til í lok undanfarandi efnisgreinar, einnig Sankoff 2005, Sankoff og Blondeau 2007, Wagner 2012). Svo er að sjá sem bandaríski formgerðarstefnu-

hafði viðkomandi framburð heldur hversu oft framburðurinn kom fyrir í gögnunum. Hugsum okkur t.d. að þátttakendur í einum aldurshóp hefðu verið fimm og hefðu lesið texta þar sem orðin *buxur* og *fax* komu fyrir. Ef einn þátttakandi ber bæði orðin fram með *ks*-framburði, þrír annað þeirra en ekki hitt og einn þátttakandi hvorugt verður meðaleinkunnin fyrir hópin $(2+2+2+1+2+1+2+1+1+1)/10 = 1,5$ (þ.e. 150 á skalanum á *mynd 1*). Meðaleinkunnin sýnir hins vegar ekki hversu margir höfðu hvaða framburð. Hún hefði t.d. verið sú sama ef tveir hefðu borið bæði orðin fram með *ks*-framburði, einn annað orðið og tveir hvorugt. — Loks má benda á að meðaleinkunnin 1,50 sýnir í þessu tilviki að *ks*-framburður kom fyrir hjá þessum hópi í 50% þeirra tilvika þar sem hans mátti vænta (í 5 tilvikum af 10 mögulegum). Samband meðaleinkunna við slíkar prósentutölur verður hins vegar flóknara þegar er ráð fyrir millistigi í framburðinum og einkunnin 1,5 slegin inn fyrir þess háttar framburð eins og gert var fyrir sumar framburðarbreytur í RÍN.

málfræðingurinn Charles Hockett hafi fyrstur manna rætt þetta fyrirbæri í tengslum við málfarseinkenni (1950), en aldursbinding kemur við sögu í fleiri fræðigreinum, t.d. í mannfræði.

Þegar niðurstöður á borð við þær sem *mynd 1* lýsir koma fram í samtímalegum rannsóknum benda þær væntanlega oftast til þess að einhvers konar málbreyting sé í gangi. Þó er auðvitað rétt að hafa þann möguleika í huga að um aldursbindingu sé að ræða. Það er t.d. vel þekkt að tiltekin málfarseinkenni verða tíska meðal unglunga en hverfa síðan. Ef hliðstæð rannsókn væri gerð síðar myndi koma í ljós hvor túlkunin ætti við. Rannsókn á tíðni og útbreiðslu *ks*-framburðar einhverjum áratugum eftir að RÍN var gerð myndi skera úr um þetta. Ef *mynd 1* væri til marks um aldursbindingu ættu súlurnar fyrir yngstu kynslóðirnar að hafa lækkað (einkennið ætti að hafa elst af þeim) en ef *mynd 1* væri sýndartímamynd af málbreytingu ættu þær að hafa staðið í stað — eða jafnvel hækkað (einkennið væri þá í sókn hjá þeim aldurshópum sem þegar höfðu það að einhverju marki).

Nú vill svo vel til að í nýju rannsóknarverkefni hefur talsverður hluti þátttakenda í RÍN verið prófaður aftur á sama hátt og fyrr í verkefni sem heitir „Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð“ (skammstafað RAUN).⁹ Niðurstöður um tíðni *ks*-framburðar í þeirri könnun eru sýndar á *mynd 2*.


Yngsti aldurshópurinn á *mynd 2* er í aðalatriðum úrtak úr yngsta aldurshópnum á *mynd 1*.¹⁰

Munurinn er bara sá að í RAUN var þetta fólk 40–50 ára en í RÍN var það 12–20 ára. Á sama hátt samsvarar næstýngsti aldurshópurinn á *mynd 2* þeim næstýngsta á *mynd 1* og þriðji aldurshópurinn á *mynd 2* samsvarar þeim þriðja á *mynd 1* (elstu aldurshóparnir á *mynd 1* eru að mestu úr sögunni nú).¹¹ Af *mynd 2* má því sjá að túlkun þeirra Kristjáns og Höskuldar á *mynd 1* á sínum tíma var rétt: Hún sýnir málbreytingu í sýndartíma en ekki aldursbundið framburðareinkenni. Það er því ekki þannig að *ks*-

⁹ Þetta verkefni hlaut styrk úr Rannsóknasjóði árin 2010–2012. Verkefnisstjóri var Höskuldur Þráinsson og með honum í verkefnisstjórn þau Kristján Árnason, Matthew Whelpton, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórhallur Eypórsson. Rannsóknasjóði er þakkað fyrir stuðninginn.

¹⁰ Á *mynd 2* merkir 1,00 það sama og 100 á *mynd 1* og 2,00 það sama og 200, sbr. útskýringar í nmgr. 8.

¹¹ Tölurnar á *mynd 2* eru byggðar á svörum frá 522 þátttakendum (137 úr yngsta hópnum, 173 úr miðhópnum og 213 úr elsta hópnum). Eins og fram kemur í meginmáli tóku þeir allir þátt í RÍN-rannsókninni á sínum tíma.



Mynd 2: Mismunandi tíðni ks-framburðar í máli ólíkra kynslóða þátttakenda í RAUN.

framburðurinn sé „unglingaframburður“ sem eldist af fólki heldur er þarna um að ræða nýjung í sókn. Samanburður á mynd 1 og mynd 2 bendir m.a.s. til þess að ks-framburður hafi heldur sótt í sig veðrið hjá þessum þátttakendum á þeim árum sem liðu á milli RÍN og RAUN: Hjá yngsta hópnunum fer meðaleinkunnin úr 1,42 upp í 1,54, hjá miðhópnum úr 1,14 upp í 1,35, en hjá þeim elsta er breytingin óveruleg (1,08 upp í 1,11).¹²

¹² Hér þarf þó að hafa þrennt í huga: Í fyrsta lagi voru þátttakendur í RAUN úrtak úr þeim hópi sem tók þátt í RÍN. Þetta eru því ekki nákvæmlega sömu hópar í hverjum aldursflokki. Í öðru lagi miðast tölurnar á mynd 2 aðeins við framburð þátttakenda á orðunum *buxur* og *fax* sem komu fyrir í myndalista sem var notaður í RÍN og RAUN, en í mynd 1 var líka tekið tillit til orða sem komu fyrir í lestextum. Í þriðja lagi voru það ekki sömu rannsóknarmenn sem hlustuðu á gögnin úr RÍN og RAUN og það kann að vera einhver munur á mati þeirra. Í frekari úrvinnslu á gögnum úr RAUN verður leitast við að gera samanburðinn við RÍN ennþá nákvæmari með tilliti til þessara atriða, en sá samanburður sem hér er gerður nægir fullkomlega til þess að sýna að mynd 1 er til vitnis um málbreytingu í sýndartíma og ekki aldursbundið málfarseinkenni.

Eins og nafn RAUN-verkefnisins gefur til kynna er þar verið að rannsaka **málbreytingar í rauntíma** (e. *linguistic change in real time*). Með því er átt við það að mál sama hóps málnotenda, eða sambærilegra hópa, er rannsakað tvisvar eða oftast með talsverðu millibili. Ef um nákvæmlega sama hóp er að ræða er talað um **hóprannsókn** (e. *panel study*), en ef um er að ræða hliðstæða hópa, þ.e. sömu kynslóð en ekki nákvæmlega sama fólkið, er það kölluð **stefnurannsókn** (e. *trend study*, sbr. t.d. Eckert 1997, Chambers og Trudgill 1998:149–153, Sankoff og Blondeau 2007). RAUN er þá hóprannsókn samkvæmt þessari skilgreiningu en RÍN var að hluta til bæði hóprannsókn og stefnurannsókn því þar var bæði rætt við fólk sem áður hafði tekið þátt í mállýskurannsókn Björns Guðfinnssonar á fimmta áratug síðustu aldar og einnig fleiri úr sömu kynslóð og líka úr samsvarandi kynslóð (þ.e. í yngsta þátttakendahópnum í RÍN voru unglingar sem voru á svipuðu reki og dæmigerðir þátttakendur í rannsókn Björns Guðfinnssonar). Eins og samanburðurinn á RÍN og RAUN sýnir er hægt að nota rauntímarannsóknir til þess að skerpa á túlkun samtímalegra tilbrigðarannsókna. Slíkar rannsóknir hafa yfirleitt ekki verið gerðar á þeim tilbrigðum sem verða til skoðunar í 4. kafla hér á eftir. Stundum er þó hægt að styðjast við vitnisburð eldri rannsókna sem benda til þess að tiltekið málfarseinkenni hafi verið í sókn um nokkurt skeið.


Almennt má segja að aldursbinding sé algeng þegar orðaforði á í hlut, sbr. þekktu umræðu um unglíngamál. Þá nota unglingar tiltekin orð og orðalag sem síðan eldist af þeim (sjá t.d. Kotsinas 2004). Svipuð þróun getur átt sér stað í tilteknum málfræðilegum atriðum þegar eldri kynslóðir laga sig (meðvitað eða ómeðvitað) að viðurkenndu staðalmáli. Fæst þeirra tilbrigða í setningagerð sem verða til umræðu í 4. kafla eru hins vegar þess eðlis að skýrar hugmyndir séu uppi um staðalmál á því sviði. Þess vegna er aldursbinding væntanlega fremur ólíklegur kostur í flestum tilvikum. Við munum þó hafa þann möguleika í huga þegar rætt verður um kynslóðamun í tilbrigðum í þeim kafla.

Lítum loks á *mynd* 3 og athugum hvað hún gæti sagt okkur um hugsanlega málbreytingu.

Hér hefur „meðaleinkunn“ verið reiknuð á svipaðan hátt og áður. Munurinn er þó sá að hér er vísað í mat þátttakenda á setningum en ekki málnotkunardæmi. Í þessu tilviki hefði meðaleinkunnin 1 merkt að allir þátttakendur í viðkomandi aldurshóp hefðu hafnað setningunni og meðaleinkunnin 3 að allir hefðu samþykkt hana (sjá nánari lýsingu á þessari aðferð í 3. kafla hér á eftir). Hér er greinilega lítill munur á mati aldurs-

Hvert stefnir í íslenski setningagerð?

57



Mynd 3: Mat ólíkra aldurshópa á ákveðnu afbrigði í setningagerð.

hópanna. Þess vegna mætti ætla að myndin sýndi að hér væri engin breyting ferðinni í málsamfélaginu — það væri bara alveg „kyrrstætt“ að þessu leyti, viðkomandi afbrigði hvorki í sókn ná á undanhaldi.

Við nánari umhugsun sjáum við þó að mynd 3 gæti líka verið til marks um það að ákveðin nýjung væri að breiðast út til allra aldurshópa nokkurn veginn jafnhvort. Það myndi þá væntanlega þýða að samsvarandi súlurit sem væri byggt á eldri málögnum sýndi svipaða afstöðu á milli súlnanna en þær væru bara lægri. Á súluriti sem væri gert einhverjum árum síðar væru súlurnar svo aftur á móti ennþá hærri, kannski allar nokkurn veginn „komnar í botn“ (breytingin „um garð gengin“, eins og það er yfirleitt orðað). Við þyrftum sem sé einhver gögn um „málbreytingar í rauntíma“ til þess að geta túlkað mynd 3 með vissu.

Nú vill svo til að mynd 3 sýnir mat þátttakenda í þriðju yfirlitskönnun verkefnisins Tilbrigði í íslenski setningagerð á eftirtöldum setningum (sbr. *Tilbrigði í íslenski setningagerð II*, 9. kafli):

- (5) a. *Það var óheppni að stelpurnar skyldu tapa í gær.*
 Þær **voru að leika** mjög vel allan tímann.
- b. *Strákarnir stóðu sig ágætlega í leiknum.*
 Þeir **voru að spila** fína vörn.
- c. *Landsliðunum hefur gengið misjafnlega undanfarið.*
 Konurnar **eru þó að standa sig** mjög vel.

Hér áttu þátttakendur að meta síðari setninguna í hverju dæmi og segja hvort þeim þætti hún „eðlileg“, „vafasöm“ eða „ótæk“ (sjá nánari lýsingu í 3. kafla hér á eftir). Þessi setningagerð (þ.e. *vera að* með einhverri sögn sem tengist íþróttamáli, ásamt einhverju mati á frammistöðu á borð við *vel, illa* o.s.frv.) hefur stundum verið kölluð **íþróttahorf** eða jafnvel **handboltahorf** því að hún er algeng í frásögnum af íþróttaleikjum (sjá t.d. Jón G. Friðjónsson 2004). Ýmsir hafa haft á tilfinningunni að þessi notkun *vera að* hafi farið vaxandi undir lok síðustu aldar og Þórey Selma Sverrisdóttir (2001) sýndi fram á að dæmi af þessu tagi urðu smám saman algengari í íþróttufréttum *Morgunblaðsins* á tíunda áratug síðustu aldar. Það er því líklegt að *mynd 3* sýni ekki einfaldlega kyrrstöðu heldur að breyting á málnotkun sé að breiðast álíka hratt út til allra aldursþópa.

2.2 Helstu hugtök dregin saman

Í þessum kafla höfum við séð dæmi um að samtímaleg gögn megi túlka á fleiri en einn veg ef litið er á þau sem hugsanlegan vitnisburð um málbreytingu. Í þeirri umræðu hefur verið gripið til nokkurra hugtaka sem ekki eru algeng í íslenskri umræðu um málbreytingar. Þess vegna er ómaksins vert að draga þau saman hér og skýra í stuttu máli.

(6) a. málbreyting í sýndartíma

Þegar reglulegur munur er á samtímalegum málögnum frá ólíkum kynslóðum, t.d. þannig að tiltekið málfarsatriði virðist því algengara sem málnotendur eru yngri eða fær því betri dóma sem málnotendur eru yngri, er stundum sagt að slíkt geti verið til vitnis um **málbreytingu í sýndartíma** (e. *linguistic change in apparent time*). Með „sýndartíma“ er þá átt við það að þótt gögnin séu öll frá sama tíma geti þau eigi að síður sýnt að tiltekin breyting sé í gangi.

b. aldursbinding

Þegar tiltekið málfarsatriði er bundið við ákveðinn aldur málnotenda, t.d. við mál unglinga, er talað um **aldursbindingu** (e. *age grad-*

ing). Í því felst þá að atriðið sé einkennandi fyrir tiltekinn aldurshóp á hvaða tíma sem er. Sú væri t.d. raunin ef ungt fólk á öllum tímum væri óskýrmæltara en fullorðið fólk en það framburðareinkenni eldist síðan af því.

c. málbreyting í rauntíma

Með því að skoða mál sömu einstaklinga eða sams konar hópa á ólíkum tímum má sjá hvort breyting verður frá einum tíma til annars. Þá er stundum sagt að verið sé að skoða **málbreytingar í rauntíma** (e. *linguistic change in real time*), til aðgreiningar frá þeim „sýndartíma“ sem lýst er í a-lið.

d. hóprannsókn og stefnurannsókn

Hægt er að skoða „málbreytingar í rauntíma“ með tvennu móti. Ef mál nákvæmlega sömu einstaklinga er skoðað á ólíkum tímum er talað um **hóprannsókn** (e. *panel study*). Svipuðum árangri má oft ná með því að skoða hliðstæða hópa, t.d. sömu kynslóð við sömu aðstæður þótt ekki sé um sömu einstaklinga að ræða. Af slíkri rannsókn má líka sjá í hvaða átt breytingar stefna og þess vegna er talað um **stefnurannsókn** (e. *trend study*).

Eftir þennan inngang um málbreytingar og túlkun samtímalegra gagna (sjá nánari umræðu hjá Sankoff og Blondeau 2007 og í ritum sem þar er vísað til) getum við nú snúið okkur að því að lýsa þeirri rannsókn sem hér er einkum byggt á.

3 Aðferðir og efniviður í Tilbrigðaverkefninu

Í fyrsta bindi yfirlitsritsins um verkefnið Tilbrigði í íslenskri setningagerð (hér yfirleitt kallað Tilbrigðaverkefnið) má finna nákvæma lýsingu á þeim aðferðum sem voru notaðar í verkefninu og þeim efnivið sem stuðst er við hér (sjá Höskuld Þráinsson, Ástu Svavarsdóttur o.fl. 2013, Höskuld Þráinsson, Ásgrím Angantýsson og Einar Frey Sigurðsson 2013). Hér verður því farið fljótt yfir sögu um það efni og vísað til þeirra skrifa um frekari greinargerð.

Sú aðferð sem mest var notuð í Tilbrigðaverkefninu fólst í því að láta þátttakendur meta setningar í skriflegri könnun. Áður en þátttakendur fengu setningarnar var þeim gerð grein fyrir markmiði verkefnisins í texta sem var skráður á eyðublaðið en einnig lesinn upphátt fyrir þátttakendur (sjá viðauka I). Í framhaldi af þessum inngangi var síðan útskýrt fyrir þátttakendum hvernig þeir ættu að meta setningarnar (sjá nánar um lýsingu á

Þessari aðferð hjá Höskuldi Þráinssyni, Ásgrími Angantýssyni og Einari Frey Sigurðssyni 2013:28–34). Það var gert á þessa leið:

Settu X í viðeigandi dálk:

- Já = **Eðlileg** setning. Svona get ég vel sagt.
 ? = **Vafasöm** setning. Ég myndi varla segja svona.
 Nei = **Ótæk** setning. Svona get ég ekki sagt.

Mundu að þú átt fyrst og fremst að miða við það sem þér finnst venjulegt mál. Þú getur skrifað stutta athugasemd eða skýringu í dálkinn **Athugasemdir** ef þér finnst ástæða til (t.d. ef þér finnst setningin eðlilegt mál en einhver orð koma fyrir í henni sem þú myndir ekki nota í daglegu tali).

Í hverju númeruðu hólfu í listanum hér á eftir eru tvær setningar. Sú fyrri er aðeins til þess að sýna hugsanlegt sambengi fyrir þá síðari. Það er sú síðari sem þú átt að meta líkt og hér er sýnt með tveim dæmum:

	JÁ	?	NEI	ATHUGASEMDIR
<i>Halldór var of seinn í vinnuna í gær.</i> Bíllinn hans fór ekki í gang.				
	x			
<i>Halldór var of seinn í vinnuna í gær.</i> Bíllinn sinn fór ekki í gang.				
			x	

Eins og þú sérð á dæmunum hérna fyrir ofan munar oft litlu á setningunum svo **þú verður að lesa þær vel** til að geta metið þær. En mundu að það er verið að leita eftir því hvað **þér finnst** í raun og veru — þetta er ekki próf.

Eftirfarandi dæmi voru meðal þeirra sem þátttakendur áttu að meta á þennan hátt (leturbreytingum bætt inn hér til glöggvunar fyrir lesendur):

- (7) a. *Ingi keypti þessa tölvu í fyrra.*
Hann notar **aldrei hana**.
 b. *Ingi keypti þessa tölvu í fyrra.*
Hann notar **hana aldrei**.
 c. *Jón felldi Tomma til að koma í veg fyrir mark.*
Það var strax **dæmt vítaspyrnu**.
 d. *Dísa býr núna hjá ömmu sinni og afa.*
Hún var víst **rekin** að heiman.

- e. Þeir eru að ljúka við að negla járníð á þakið.
 Á ég að hjálpa þeim ef þeir **eru** ekki búnir?
- f. Ég bað Dag um að fara út í sjoppu og kaupa malt.
 Á hann að kaupa eitthvað annað ef það **sé** ekki til?
- g. Jón hefur átt í erfiðleikum með námið.
 Hann er bara ekki að skilja stærðfræðina.

Fyrstu tvö dæmin (þ.e. (7a) og (7b)) voru fremst í öllum spurningalistunum. Það fyrra er augljóslega ótækt (nema þá með sérstakri andstæðu-áherslu á *hana*) en það síðara eðlilegt mál. Markmiðið dæma af þessu tagi var einkum að skoða hvort þátttakendur væru með hugann við verkefnið. Ef þeir teldu slík dæmi eðlilegt mál væri varasamt að taka mark á dómum þeirra og jafnvel rétt nota úrlausn þeirra ekki í úrvinnslunni. Almenn stóðust þátttakendur þetta próf þannig að fáum úrlausnum var hent vegna þess að menn tækju ekki eftir muninum á (7a, b).¹³ Hér skiptir líka máli að hægt var að nota dómama um (7a) til að skoða hvort einhver aldurshópur, t.d. þeir yngstu, skæri sig úr í mati á þessu ótæka dæmi. Ef yngstu þátttakendurnir hefðu t.d. ekki ráðið við þessa rannsóknaraðferð, þ.e. að meta setningar á blaði, og t.d. haft tilhneigingu til að segja að öll dæmin væru eðlilegt mál hefði það átt að koma fram í dómum um (7a). Eins og *tafla 1* sýnir var það ekki svo (sjá líka Höskuld Þráinsson, Ásgrím Angantýsson og Einar Frey Sigurðsson 2013:39):¹⁴

¹³ Reyndar var yngsti þátttakendahópurinn grisjaður talsvert vegna þess að þar voru kannanirnar yfirleitt lagðar fyrir heila grunnskólabecki (yfirleitt 9. bekk) þannig að mun fleiri úrlausnir fengust úr þeim aldurshópi en öðrum. Markmiðið var að hafa 8 þátttakendur úr hverjum aldurshópi á hverjum könnunarstað, eins og síðar er lýst. Við þessa grisjun var m.a. tekið mið af mati á setningum (7a, b), en einnig voru lagðar til hliðar úrlausnir frá þátttakendum sem voru af erlendu bergi brotnir, höfðu dvalist lengi erlendis, voru tiltölulega nýfluttir á viðkomandi könnunarstað eða skrifuðu eitthvað óviðurkvæmilegt í athugasemdadálkinn, t.d. „Þú ert fiffl“ eða eitthvað í þeim dúr. Það var auðvitað sjaldgæft en kom þó aðeins fyrir í 9. bekk. Ekki var talið líklegt að slíkir þátttakendur væru að svara könnuninni eftir bestu samvisku.

¹⁴ Í þessari töflu og flestum þeim sem hér fara á eftir er feitletrun oft notuð til að vekja sérstaka athygli á ákveðnum tölum, t.d. þeirri hlutfallstölu (prósentutölu) sem er hæst. Skammstafanirnar T1, T2 og T3 vísa í þær þrjár yfirlitskannanir sem gerðar voru í Tilbrigðaverkefninu og dálkarnir í þá fjóra aldurshópa sem um var að ræða, sbr. nánari lýsingu hér á eftir. Kannanirnar voru gerðar á árunum 2005–2007 og voru í aðalatriðum sama eðlis. Til þess að geta kannað sem flest atriði var ákveðið að hafa þær alls þrjár, en sumir tóku þátt í fleiri en einni könnun. Í sumum tilvikum voru tiltekin atriði skoðuð í fleiri en einni könnun, t.d. þegar fyrstu niðurstöður vöktu nýjar spurningar.

SETNING	MAT	9. B.	20-25	40-45	65-70
(6a) Hann notar aldrei hana.					
	Eðlileg T1	3,4%	2,0%	2,1%	3,2%
	T2	2,6%	1,5%	2,6%	5,4%
	T3	6,5%	5,6%	1,2%	3,1%
	Vafasöm T1	9,8%	3,6%	3,7%	1,9%
	T2	4,6%	3,5%	4,2%	4,0%
	T3	11,5%	5,1%	4,2%	4,3%
	Ótæk T1	86,8%	94,4%	94,2%	94,9%
	T2	92,8%	95%	93,2%	90,6%
	T3	82,0%	89,3%	94,6%	92,6%

Tafla 1: Mat einstakra aldurshópa á ótækri þrífusetningu í tilbrigðakönnunum 1–3.

Af töflu 1 má sjá að hlutfall þeirra sem telur þessa ótæku setningu „eðlilegt mál“ er mjög svipað í einstökum aldurshópum. Það liggur á bilinu 1,2% til 6,5%. Þetta merkir þá að gera má ráð fyrir einhverri ónákvæmni (e. *noise*) í meðaltalssvörum af þessu tagi.¹⁵ Helsti munurinn á aldurshópunum er sá að þeir yngstu eru heldur líklegri en þeir eldri að kalla dæmið „vafasamt“. Þar af leiðir líka að hlutfall þeirra sem telja dæmið alveg „ótækt“ verður yfirleitt heldur lægra hjá þeim yngstu en þeim eldri.

Dæmi (7c) er um nýju þolmyndina eða nýju, ópersónulegu setningagerðina (sjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur og Joan Maling 2001, Sigríði Sigurjónsdóttur væntanl., Einar Frey Sigurðsson 2012 og rit sem þar er vísað til) en (7d) er hefðbundin þolmynd. Dæmi (7e, f) sýna mismunandi háttanotkun, dæmi (7g) felur í sér notkun hjálparsagnarinnar *vera* með svokallaðri ástandssögn (*skilja*), en slík notkun er yfirleitt verulegum takmörkunum háð (sjá t.d. Gunnar Gunnarsson 2010).

Eins og dæmapörin (7c,d) og (7e,f) sýna fólst könnunin gjarna í því að prófa ólík afbrigði af hliðstæðum setningagerðum. Reynt var að hafa slík dæmi sem sambærilegust svo að óviðkomandi atriði hefðu ekki áhrif á

¹⁵ Eins og sjá má af þessum tölum var þátttakendum ekki umsvifalaust „hent út“ þótt þeir teldu þessa einu ótæku setningu tæka. Litið var á dóma um aðrar ótækar setningar líka, svo og hvort einhver önnur atriði kynnu að gera úrlausnina tortryggilega (sjá nmgr. 13). Auk þess væri dæmi (7a) reyndar tæk setning ef sérstök áhersla væri á *hana*, eins og áður var nefnt, en það gengi þó tæpast nema í ákveðnu samhengi sem ekki var fyrir hendi í könnuninni.

mat þátttakenda. Stundum voru þátttakendur líka beðnir um að velja á milli tveggja eða fleiri kosta (sjá Höskuld Þráinsson, Ásgrím Angantýsson og Einar Frey Sigurðsson 2013:34–37) eða fylla í eyður (sama rit, bls. 43–46). Þá voru einnig tekin viðtöl við nokkra þátttakendur til að kanna nánar valin atriði (sama rit, bls. 47–60). Loks má bera niðurstöður úr þessum könnunum og viðtölum saman við texta af ýmsu tagi, bæði tal-málstexta og aðra texta, og það hefur þegar verið gert að nokkru leyti (sjá nánar um þetta hjá Eiríki Rögnvaldssyni 2013, Ástu Svavarsdóttur 2013 og Þórunni Blöndal 2013).

Gerðar voru þrjár skriflegar kannanir¹⁶ á um það bil 30 mismunandi stöðum á landinu. Mismunandi atriði voru til skoðunar í þessum könnunum og yfir 700 einstaklingar tóku þátt í hverri þeirra, þannig að heildarfjöldi þátttakenda varð 2.241, þar af 1.113 karlar (49,7%) og 1.127 konur (50,3%, sbr. Höskuld Þráinsson, Ásgrím Angantýsson og Einar Frey Sigurðsson 2013:19–28).¹⁷ Reynt var að hafa sem næst jafnmarga þátttakendur úr hverjum aldursflokki. Það tókst í aðalatriðum, eins og sjá má á *töflu 2*:

ALDURSFLOKKUR	FJÖLDI	%
9. bekkur	603	26,9%
20–25 ára	580	25,9%
40–45 ára	555	24,8%
65–70 ára	503	22,4%
Alls	2.241	100%

Tafla 2: Þátttakendafjöldi í einstökum aldursþópum í Tilbrigðaverkefninu.

Í því yfirliti sem fer hér á eftir verður yfirleitt miðað við niðurstöður úr mati þátttakenda á setningum og ekki byggt á þeim niðurstöðum sem

¹⁶ Skriflegu kannanirnar eru þær sem kallaðar eru T1, T2 og T3 hér. Auk þeirra voru tekin nokkur viðtöl til að kanna valin atriði betur (sjá nánari lýsingu hjá Höskuldi Þráinssyni, Ásgrími Angantýssyni o.fl. 2013).

¹⁷ Hér er þó þess að gæta að allmargir þátttakendur úr eldri hópunum voru með í fleiri en einni könnun. Markmiðið með því var að geta síðar skoðað tengsl sem flestra tilbrigða. — Glöggir lesendur hafa svo kannski tekið eftir því að samanlagður fjöldi karla (1.113) og kvenna (1.127) er ekki sá sami og uppgefinn heildarfjöldi þátttakenda (2.241). Ástæðan er sú að upplýsingar um kyn eins þátttakandans vantaði og þar sem gögnin voru nafnlaus þegar þau voru slegin inn var ekki hægt að bæta þeim upplýsingum við í innslætti.

fengust með öðrum aðferðum nema þess sé getið sérstaklega. Til einföldunar er þá oftast aðeins sýnt hlutfall þeirra sem töldu viðkomandi dæmi „eðlilegt mál“ og sleppt að tilgreina hve margir töldu dæmið vafasamt eða ótækt. Nánari umfjöllun um einstök tilbrigði má finna í áður nefndu yfirlitsverki um Tilbrigðaverkefnið.

4. Tengsl setningafræðilegra afbrigða við aldur

Í þessum kafla verður sagt frá tengslum nokkurra afbrigða við aldur. Í 4.1 er stuttur inngangur um þau tölfræðihugtök sem koma við sögu í kaflanum en síðan eru afbrigðin flokkuð eftir því hvers konar dóma þau hlutu í einstökum aldurshópum. Í kafla 4.2 er sagt frá afbrigðum sem fengu áberandi besta dóma hjá yngstu aldurshópunum tveim. Í 4.3 er sagt frá afbrigðum sem talsverður hluti þátttakenda úr öllum aldurshópum sætti sig við en þó heldur fleiri í þeim yngri en þeim eldri. Í kafla 4.4 er loks fjallað um afbrigði sem eru líka allvel þekkt í öllum aldurshópum en þó því betur sem þátttakendur eru eldri. Í kafla 4.5 eru helstu atriði dregin saman.

Ástæðan fyrir því að efni kaflans er skipað niður með þessum hætti er sú að slík flokkun á matinu getur gefið mikilvægar vísbendingar um aldur afbrigðanna og það hvernig þau breiðast út. Ef tiltekið afbrigði fær áberandi besta dóma hjá yngstu aldurshópunum má ætla að það sé til vitnis um nýlega breytingu, þótt í einhverjum tilvikum kunni aldursbinding að hafa áhrif (sjá umræðu í kafla 2.2). Fáa tiltekið afbrigði nokkuð jákvæða dóma hjá öllum aldurshópum en þó því jákvæðari sem þátttakendur eru yngri gæti það annaðhvort verið til marks um að breytingin að baki sé nokkuð gömul eða þá að hún sé nýleg en hafi breiðst hratt út yfir kynslóðaskil. Hvor kosturinn er líklegri verður þá að meta út frá öðrum gögnum í hverju tilviki. Sé eitthvert afbrigði aftur á móti fyrst og fremst samþykkt af þátttakendum úr elstu aldurshópunum mætti ætla að um væri að ræða fyrirbæri sem væri að hverfa úr málinu og aðeins varðveitt hjá þeim elstu. Atriði af þessu tagi verða rædd nánar í einstökum undirköflum hér á eftir og í lokaköflum greinarinnar.

4.1 Skýringar á töflunum og nokkur tölfræðihugtök

Í þessum kafla verða sýndar allmargar töflur og til þess að átta sig á því hvernig má túlka þær er nauðsynlegt að þekkja þau hugtök og skammstafanir sem koma fyrir í töflunum. Lítum á einfalt dæmi:

NÚMÉR	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T1031	Það var hrint stelpunni af hjólinu svo hún meiddist.	39,5	12,2	2,6	3,4	.481	.000	770

Tafla 3: Skýringardæmi sem sýnir jákvætt mat aldurshópa á völdu dæmi.

Númerið T1031 merkir að dæmið var númer 31 í tilbrigðakönnun 1 (T1). Síðan koma fjórir dálkar, einn fyrir hvern aldurshóp. Yngstu þátttakendurnir eru úr 9. bekk (þ.e. um 15 ára) en hinir falla í þrjá aldurshópa. Tölurnar í þessum dálkum sýna hve hátt hlutfall úr viðkomandi aldurshópi taldi dæmið eðlilegt mál (þess vegna stendur „jákvætt mat“ í skýringunni við töfluna).

Dálkurinn sem er merktur *r* sýnir svonefndan **fylgnistuðul**, en hann er mælikvarði á samband tveggja breyta (hér aldurs og mats þátttakenda á dæminu). Gildi fylgnistuðuls getur verið frá -1 og upp í +1, þar sem jákvæður stuðull merkir að gildin á breytunum fylgjast að í sömu átt (báðar hækka eða báðar lækka) en neikvæður að gildi breytanna fara í gagnstæðar áttir (önnur hækkar þegar hin lækkar). Í náttúrulegum gögnum nær fylgnistuðull aldrei -1 eða +1, en í könnunum á borð við þá sem hér er á dagskrá er oft sagt að fylgnistuðull sem nær $\pm 0,1$ sé til marks um **veika fylgni**, $\pm 0,3$ sýni **meðalfylgni** og yfir $\pm 0,5$ tákni **sterka fylgni** (sjá t.d. Field 2005:32). Í töflunum hér á eftir er vakinn sérstök athygli á fylgni sem nær $\pm 0,5$ með því að feitletra þau gildi.¹⁸

Í næstsíðasta dálki er sýnt svokallað ***p*-gildi**, en það er mælikvarði á tölfræðilega marktækni. Því lægra sem *p*-gildið er því minni líkur eru á að niðurstaðan (t.d. fylgni milli tveggja breyta eins og hér, eða munur á tilteknum hópum þátttakenda) sé tilviljun. Í tölfræði er venja að líta svo á að *p* þurfi að vera 0,05 eða lægra til þess að niðurstaða sé tölfræðilega marktæk, en það þýðir að aðeins 5% líkur eða minni eru á að um tilviljun sé að ræða. Þegar þátttakendur í könnun eru eins margir og í Tilbrigðaverk-

¹⁸ Í eftirfarandi töflum er yfirleitt sýnd svokölluð **Spearman-fylgni** (e. *Spearman's rho*), en talið er best að mæla fylgnina með aðferð Spearmans þegar skoðuð er fylgni við **raðbreytur** (e. *ordinal*) eins og aldursflokkunin er hér. **Fylgnistuðull Pearsons** (e. *Pearson's correlation coefficient*) er aftur á móti frekar notaður ef verið er að skoða fylgni á milli þreppabreyta (breyta á jafnbilakvarða, sbr. t.d. umræðu hjá Amalíu Björnsdóttur 2003:120, Einari Guðmundssyni og Árna Kristjánssyni 2005:317 o.v.). — Lesendur eru beðnir afsökunar á því að í þessari töflu og þeim sem hér fara á eftir eru fylgnistuðlar og *p*-gildi táknuð með tölum á borð við .481 og .000 í staðinn fyrir 0,481 og 0,000 sem væri í betra samræmi við íslenskar hefðir. Þetta er gert til að spara pláss í töflunum.

efninu þarf fylgni aðeins að vera mjög lítil til þess að hún sé tölfræðilega marktæk. Þess vegna er í þessum kafla einkum rætt um tilvik þar sem p er minna en 0,01. Eins og fram kemur í eftirfarandi töflum er p -gildið reyndar oft minna en 0,001 og slík gildi eru þá feitletruð (sjá nánari umræðu um tölfræðihugtök og Tilbrigðaverkefnið í bókinni *Tilbrigði í íslenskri setningagerð II* (hér eftir yfirleitt kölluð *Tilbrigði II*), 6. kafla).

Síðasti dálkurinn er svo merktur N, en sú tala segir hve margir þátttakendur mátu viðkomandi dæmi. Eins og fram kom í 3. kafla tóku yfir 700 einstaklingar þátt í hverri af þessum þrem yfirlitskönnunum Tilbrigðaverkefnisins, flestir í þeirri fyrstu (T1), fæstir í þeirri síðustu (T3). Stundum slepptu þátttakendur því að meta einstök dæmi og þess vegna getur fjöldinn í N-dálknum sveiflast lítillega til þótt verið sé að vísa í sömu könnun.

4.2 Afbrigði sem eru einkum bundin við yngstu aldurshópana

Hér verður fyrst litið á þau dæmi sem fá greinilega jákvæðustu dómana hjá yngstu aldurshópunum tveim. Sum þeirra hafa vakið athygli þeirra sem hafa áhyggjur af neikvæðri þróun málsins (t.d. nýja þolmyndin svonefnda), önnur síður. Eins og við munum sjá fylgjast tveir yngstu hóparnir stundum að, enda lítill munur á aldri þeirra. Í öðrum tilvikum sker yngsti hópurinn sig nokkuð úr og er talsvert hrifnari af dæmunum en sá næstýngsti. Þá getur annaðhvort verið um að ræða mjög unga nýjung eða þá aldursbindingu sem fælist í því að þátttakendur legðu viðkomandi afbrigði smám saman af með hækkandi aldri eða væru ekki eins tilbúnir og áður að viðurkenna það. Í umræðunum hér á eftir er vert að hafa þessa tvo túlkunarmöguleika í huga.

4.2.1 Nýja þolmyndin

Í fyrsta þætti sínum um íslenskt mál í *Morgunblaðinu* (20. maí 1979) nefnir Gísli Jónsson orðalagið *Það var barið mig í bakið* og kallar það „fátæklegt barnamál“.¹⁹ Skömmu síðar vakti Helgi Bernóðusson athygli á dæmunum

¹⁹ Gísli nefnir þessa setningagerð síðan nokkrum sinnum í þáttum sínum og kennir hana þá stundum við barnamál og kallar hana rangt mál. Þó vekur athygli að í 939. þætti sínum segir hann m.a. (*Morgunblaðið* 7. febrúar 1998, bls. 34): „Þolmyndin „það var sagt mér“ er ekki röng, þó fallelgra væri að segja **mér var sagt** ... Aftur á móti er rangt að segja: „það var barið mig“ ...“ Þessu fylgja málfræðilegar skýringar sem ekki verða raktar hér, enda orka þær nokkuð tvímælis.

Það var barið mig og *Það var skilið mig eftir*²⁰ og skýrir þau svo að þar komi djúpperðarandlag þolmyndarsetningar fyrir í andlagsstöðu og með fallmerkingu andlags (1982:242, n. 45). En líklega komst setningagerðin fyrst í hámmæli eftir að Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur fjallaði um hana í tímaritsgrein og kallaði hana „nýstárlega þolmynd í barnamáli“ (1991). Síðan hefur hún oftast verið kölluð „nýja þolmyndin“ þótt Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling hafi fært rök að því (2001) að hún væri frekar ópersónuleg germynd en þolmynd í eðli sínu og telji þess vegna eðlilegra að kalla þetta „nýju ópersónulegu setningagerðina“ (sjá ítarlega umræðu hjá Einari Frey Sigurðssyni 2012). Þessi setningagerð var könnuð nokkuð vandlega í Tilbrigðaverkefninu, bæði með leppnum *það* og án hans. Helstu dæmi með leppnum *það* eru sýnd í (8):²¹

- (8) a. T1031 *Einhverjir voru að stríða stelpu á hjóli.*
Það var hrint **stelpunni** af hjólinu svo hún meiddist.
- b. T1093 *Óli litli varð fyrir einelti.*
Það var strítt **honum** á hverjum degi.
- c. T1005 *Einhver maður réðst á dyravörðinn á skemmtistaðnum.*
Það var **rekið manninn** út af staðnum.
- d. T1006 *Jón felldi Tomma til að koma í veg fyrir mark.*
Það var strax **dæmt vítaspyrnu**.
- e. T1019 *Allir hljóta að hafa verið orðnir mjög svangir.*
Það var **borðað** svo margar **kjötbollur**.
- f. T1038 *Anna hrækti á markmanninn.*
Það var strax **rekið hana** út af.
- g. T1043 *Gunnar eldaði matinn, Jóna lagði á borðið.*
Það var **beðið mig** að vaska upp.
- h. T1055 *Ég nenni ekki út í búð í gær.*
Það var **skammað mig** fyrir letina.
- i. T1051 *Óli og Jón lentu í slagsmálum í skólanum í dag.*
Jón var sendur heim en **það** var bara **skammað Óla**.
- j. T1114 *Nemendurnir voru fullir á skólaballinu.*
Það voru nokkrir reknir en bara **áminnt aðra**.

Niðurstöður úr mati þátttakenda á þessum dæmum eru sýndar í *töflu 4* (sbr. *Tilbrigði II*, 8. kafli):

²⁰ Fyrra dæmið segir hann að Þórunn Blöndal hafi bent sér á en það síðara Jóhann S. Hannesson.

²¹ Dæmi án leppsins (t.d. *Hvað var þantað marga miða?, Þá er bara haldið veislu*) fengu hliðstæða dóma (sbr. *Tilbrigði II*, 8. kafli) svo þeim er sleppt hér til einföldunar.

NÚMER	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T1031	Það var hrint stelpunni af hjólinu svo hún meiddist.	39,5	12,2	2,6	3,4	.481	.000	770
b. T1093	Það var strítt honum á hverjum degi.	52,9	18,4	1,6	1,1	.549	.000	768
c. T1005	Það var rekið manninn út af staðnum.	46,6	16,2	3,6	2,3	.528	.000	767
d. T1006	Það var strax dæmt vítaspyrnu .	61,0	34,5	13,5	23,4	.381	.000	769
e. T1019	Það var borðað svo margar kjötbollur.	36,8	12,7	3,7	5,6	.401	.000	769
f. T1038	Það var strax rekið hana út af.	49,3	14,7	2,1	0,0	.539	.000	769
g. T1043	Það var beðið mig að vaska upp.	44,6	13,8	5,7	5,6	.463	.000	769
h. T1055	Það var skammað mig fyrir letina.	39,9	8,6	3,1	1,7	.482	.000	769
i. T1051	Jón var sendur heim en það var bara skammað Óla .	57,1	32,5	5,8	2,3	.537	.000	766
j. T1114	Það voru nokkrir reknir en bara áminnt aðra.	43,9	21,7	7,4	3,6	.466	.000	762

Tafla 4: *Jákvætt mat ólíkra aldurshópa á völdum dæmum um nýju þolmyndina með leppnum það.*

Eins og sjá má af þessum töflum er fylgnin við aldur mjög skýr: Það er alls staðar yngsti hópurinn sem er jákvæðastur gagnvart þessum setningum og tveir þeir elstu hafna þeim næstum algjörlega — eina undantekningin er d-dæmið, sem yfir 23% þeirra elstu telja eðlilegt mál. Þar kann óákveðni orðmyndarinnar *vítaspyrnu* að skipta einhveru máli (yfirliesari telur að *Það var strax dæmt þriðju vítaspyrnuna* hefði fengið verri dóma), auk þess sem mjög lítill munur er á þessari gerð og hefðbundinni þolmynd (*var dæmd vítaspyrna*) svo einhverjir þátttakendur gætu hafa mislesið dæmið. Sú staðreynd að mun fleiri þátttakendur úr elsta hópnum samþykkja þetta dæmi en nokkurt annað kallar a.m.k. á skýringu.


Fylgnin við aldur verður auðvitað ennþá sýnilegri á súluriti en á töflum eins og sjá má á mynd 4 (sbr. *Tilbrigði II*, 8. kafli).

Hér táknar hæsta meðaleinkunnin mest samþykki innan aldurshópsins og sú lægsta minnst.²² Munurinn á aldurshópunum er mjög greinilegur hér eins og vænta mátti. Þessi munur er svo mikill að nær útilokað er að hann stafi eingöngu af aldursbindingu, þ.e. að þetta máleinkenni sé eitthvað sem eldist algjörlega af fólki, enda virðist aldursbinding ekki sér-

²² Í þessu felst, eins og áður er lýst, að hér er miðað við gildið 3 fyrir dóminn „Já. Eðlileg setning. Svona get ég vel sagt“, gildið 2 fyrir dóminn „Vafasöm setning. Ég myndi varla segja svona“ og gildið 1 fyrir dóminn „Ótæk setning. Svona get ég ekki sagt“. Hærrí meðaleinkunn þýðir því jákvæðari dóma í þessu tilviki.

Hvert stefnir í íslenski setningagerð?

69



Mynd 4: Samanburður á meðaleinkunn aldurshópa fyrir dæmigerðar setningar með nýrri þolmynd (öll dæmin í töflu 4).

lega algeng í atriðum sem eru mjög málfræðileg eða kerfisleg (sjá t.d. umræðu hjá Bailey 2002:324, Chambers 2002:358). Munurinn á dómum yngsta og næstýngsta hópsins gæti þó merkt að málnotendur leggi þessa setningagerð af að einhverju leyti þegar þeir eldast því að næstýngsti aldurshópurinn er einmitt sú kynslóð sem tók þátt í áður nefndri rannsókn Sigríðar Sigurjónsdóttur og Joan Maling (2001). Sú rannsókn sem nú stendur yfir á málbreytingum í rauntíma mun þó skera úr um þetta atriði.²³

4.2.2 Afturbeygð þolmynd

Sumir hafa tekið eftir dæmum um nokkuð óvenjulega setningagerð í íslensku sem mætti kalla **afturbeygða þolmynd** og í Tilbrigðaverkefninu voru þátttakendur m.a. beðnir að meta eftirtalin dæmi af því tagi:

²³ Sigríður Sigurjónsdóttir (væntanl.) færir rök að því að þetta málfarseinkenni eldist í raun ekki af fólki og ræðir atriði sem gætu stuðlað að því að færri úr næstýngsta aldurshópnum en þeim yngsta samþykktu þessa setningagerð í Tilbrigðaverkefninu.

70

Höskuldur Þráinsson o.fl.

- (g) a. T1008 *Fólkið fór út að borða um kvöldið.*
Svo **var** bara **drifið sig** á ball.
- b. T1048 *Billinn hans Konna varð ónýtur um daginn.*
Þá **var** bara **keypt sér** nýjan bíl.
- c. T1088 *Vinnufélagarnir fóru á skyndibitastað í hádeginu.*
Það **var** auðvitað **fengið sér** hamborgara.
- d. T1120 *Í mótuneytinu var bæði hægt að fá kjöt og fisk.*
Það **var** venjulega **valið sér** kjötréttinn.


Halldór Ármann Sigurðsson hefur kannski verið fyrstur manna til að vekja athygli á þessari sérkennilegu þolmynd (1989:355n) og í Tilbrigðaverkefninu var afstaða þátttakenda til hennar könnuð. Helstu niðurstöður, flokkaðar eftir aldurshópum, má sjá í *töflu 5* (sbr. *Tilbrigði II*, 8. kafli):

NÚMER	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T1008	Svo var bara drifið sig á ball.	69,6	63,5	30,4	17,0	.468	.000	768
c. T1048	Þá var bara keypt sér nýjan bíl.	49,0	31,0	6,8	4,0	.503	.000	768
d. T1088	Það var auðvitað fengið sér hamborgara.	67,3	54,5	18,8	8,6	.522	.000	770
e. T1120	Það var venjulega valið sér kjötréttinn.	39,2	16,2	4,7	5,2	.422	.000	764

Tafla 5: *Jákvætt mat þátttakenda í Tilbrigðaverkefninu á dæmum um afturbeygða þolmynd.*

Hér eru tengslin við aldur mjög skýr og fylgnin nær því m.a.s. stundum að geta talist sterk (þ.e. nær 0,5). Það þarf því ekki að koma á óvart að hún er alls staðar mjög vel marktæk ($p < 0,001$). Það er helst fyrsta dæmið sem eldri aldurshóparnir samþykkja að einhverju marki en þó mun síður en þeir yngri og það kallar auðvitað á skýringu.

Vegna þess að afturbeygða þolmyndin minnir að sumu leyti á nýju þolmyndina (nýju ópersónulegu setningagerðina) er forvitnilegt að skoða hvort finna má einhverja fylgni milli dóma um þessar tvær setningagerðir. Athugun sýnir að þessi fylgni er mjög mikil (r hærra en 0,7, sjá *Tilbrigði II*, 8. kafli). Þar sem afturbeygða þolmyndin fær yfirleitt heldur jákvæðari dóma en nýja þolmyndin gæti þetta bent til þess að afturbeygða þolmyndin væri nokkurs konar fyrirrennari þeirrar nýju. Líkindin sjást líka ef *mynd 5* er borin saman við *mynd 4*:



Mynd 5: Meðaleinkunnir fyrir afturbeygðu þolmyndina.

Samanburður myndanna sýnir að mat aldurshópanna á afturbeygðu þolmyndinni er býsna líkt mati þeirra á nýju þolmyndinni, nema hvað sú afturbeygða fær yfirleitt betri dóma, einkum hjá næstýngstu kynslóðinni. Ef afturbeygða þolmyndin er fyrirrennari nýju þolmyndarinnar ætti það að sjást í textum, en annars er þetta atriði líka rætt hjá Einari Frey Sigurðs-syni (2012) og Sigríði Sigurjónsdóttur (væntanl.).

4.2.3 Útvíkkun framvinduorfs

Svokallað **framvinduorff** (e. *progressive aspect*) hefur verið talsvert til umræðu meðal íslenskra málfræðinga undanfarna áratugi. Með þeirri nafngift er átt við feitletraða hlutann í eftirfarandi dæmi:

(10) María **var að lesa** þegar ég kom inn.

Ýmis önnur heiti hafa verið notuð um þessa formgerð (*sifellt horff*, *dvalarhorff*) en það er óþarft að fara út í þá sálma hér (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2001 og rit sem þar er vísað til).

Eins og nefnt var í 2. kafla hafa ýmsir haft það á tilfinningunni að notkun *vera að* með nafnhætti fari vaxandi, m.a. í dæmum á borð við þessi:

(11) Við vorum ekki að spila vel.

Eins og áður var rakið benda niðurstöður Tilbrigðaverkefnisins til þess að notkun *vera að* í svona dæmum hafi breiðst út til allra aldurshópa og sé ekki bundin við yngstu kynslóðina eða kynslóðirnar (sjá mynd 2 í 2. kafla hér frammar, sbr. líka *Tilbrigði II*, 9. kafli). Ef hér er um nýjung að ræða, eins og yfirlétt er talið, hegðar hún sér því allt öðruvísi en nýja þolmyndin sem áður var rædd því hún virðist ekki breiðast út til allra aldurshópa (sjá mynd 4). Þessar tvær nýjungar eru líka eðlisólíkar svo þetta þarf ekki að koma á óvart (útvíkkun framvinduhorfsins er „útvíkkun“ á einhverju sem er fyrir í máli allra málnotenda, þ.e. það nota allir *vera að* til að tjá framvinduorf með mjög stórum hópi sagna, en nýja þolmyndin er málfræðileg nýjung).

Í Tilbrigðaverkefninu var einnig skoðuð notkun *vera að* með annars konar sögnum, einkum þeim sem tákna einhvers konar ástand. Þar sem svokallað framvinduorf felur oftast í sér einhvers konar „framvindu“ þarf ekki að koma á óvart að það gangi ekki vel með slíkum sögnum, enda er sú raunin í ýmsum tungumálum (sjá t.d. Theódóru A. Torfadóttur 2004, Gunnar Gunnarsson 2010 og rit sem þar er vísað til). Vegna þessa voru þátttakendur í Tilbrigðaverkefninu m.a. látnir meta eftirfarandi dæmi:

- (12) a. T1007 *Hlustaðu ekki á Halla.*
Hann er **bara að vera** kjánalegur.
- b. T1013 *Guðmundur er að hugsa um að leita sér að nýrri vinnu.*
Honum er **að leiðast** alveg óskaplega í vinnunni.
- c. T1017 *Kristinn er búinn að vera í einkatímum upp á síðkastið.*
Hann er **vonandi að skilja** þýskuna betur núna.
- d. T1026 *Aron kann engin erlend mál.*
Hann er **ekki einu sinni að skilja** ensku.
- e. T1035 *Jón hefur átt í erfiðleikum með námið.*
Hann er **bara ekki að skilja** stærðfræðina.
- f. T1037 *Ásgeiri hefur gengið illa með lærdóminn í vetur.*
Hann er **ekki að kunna** neitt í efnafræðinni.
- g. T1045 *Biggi fær ekki íbúðina fyrr en eftir þrjá mánuði.*
Hann er **að búa** hjá mömmu sinni og pabba þangað til.
- h. T1065 *Unnur segir að draugar séu ekki til.*
Villi er **samt að trú** á drauga.

Hvert stefnir í íslenskri setningagerð?

73


- i. T1084 *Ég þarf smávegis aðstoð fyrir næsta enskuprof.*
Ert þú að kunna eitthvað í ensku?
- j. T1089 *Það var svakalega gaman á ballinu.*
Fólk **var bara ekki að vilja** fara heim.
- k. T1105 *Stína og Gummi eru löngu hætt saman.*
Hann **er samt enn að elska** hana.
- l. T1108 *Filippa er ekki búin að vera á Íslandi nema í tvö ár.*
Samt **er hún að kunna** ótrúlega góða íslensku.
- m. T1116 *Pabbi hennar Hildar er alveg hrikalega strangur.*
Hún **er ekki einu sinni að mega** fara út á kvöldin.

Eins og sjá má eru þessi dæmi býsna mismunandi, bæði að því er varðar samhengið og eðli sagnanna sem *vera að* stendur með. Það þarf því ekki að koma á óvart að dómarnir um setningarnar séu nokkuð mismunandi, eins og fram kemur í töflu 6:

NÚMÉR	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T1007	Hann er bara að vera kjánalegur.	30,7	28,4	12,5	24,1	.175	.000	768
b. T1013	Honum er að leiðast alveg óskaplega í vinnunni.	23,5	16,3	11,5	10,7	.212	.000	769
c. T1017	Hann er vonandi að skilja þýskuna betur núna.	56,1	63,8	54,7	39,8	.121	.001	769
d. T1026	Hann er ekki einu sinni að skilja ensku.	34,8	32,0	18,4	9,2	.267	.000	765
e. T1035	Hann er bara ekki að skilja stærðfræðina.	54,9	67,5	43,8	16,2	.308	.000	766
f. T1037	Hann er ekki að kunna neitt í efnafræðinni.	26,5	20,8	7,3	3,4	.322	.000	768
g. T1045	Hann er að búa hjá mömmu sinni og pabba þangað til.	18,0	3,6	1,6	2,8	.172	.000	769
h. T1065	Villi er samt að trúá á drauga.	19,5	14,7	12,0	16,4	.037	.306	771
i. T1084	Ert þú að kunna eitthvað í ensku?	12,7	8,1	1,0	2,9	.191	.000	769
j. T1089	Fólk var bara ekki að vilja fara heim.	35,8	44,7	12,1	0,6	.442	.000	766
k. T1105	Hann er samt enn að elska hana.	18,5	3,0	2,1	7,4	.119	.000	769
l. T1108	Samt er hún að kunna ótrúlega góða íslensku.	19,1	5,1	4,7	2,8	.171	.000	768
m. T1116	Hún er ekki einu sinni að mega fara út á kvöldin.	22,5	12,6	4,2	1,2	.298	.000	766

Tafla 6: **Jákvætt mat** ólíkra aldursbópa á völdum dæmum um vera að með ástandssögnum.

Með einni undantekningu (h-dæmið) er hér mjög vel marktæk fylgni við aldur (p annars 0,001 eða minna) þótt hún sé hvergi mjög sterk (nær hvergi 0,5-markinu og er oftast undir 0,3-markinu). Í sumum tilvikum sker yngsti aldurshópurinn sig úr (dæmi g, i, k, l, m) en í öðrum eru nokkuð skýr skil á milli yngri hópanna tveggja og þeirra eldri. Þetta mætti túlka sem svo að þarna sé ákveðin þróun (útvíkkun á notkun *vera að*) í gangi sem hefur náð lengst hjá yngsta aldurshópnum en í minna mæli til eldri aldurshópanna tveggja og stundum alls ekki. *Mynd 6*, þar sem súlurnar tákna „meðaleinkunnir“ hópanna fyrir öll dæmi í (12) og í *töflu 6* (hæsta meðaleinkunnin sýnir jákvæðasta afstöðu og sú lægsta neikvæðasta), endurspeglar að nokkru leyti sérstöðu yngri hópanna gagnvart þeim eldri:



Mynd 6: Samanburður á meðaleinkunn aldurshópa fyrir dæmi með vera að og ástandssögn.

Samanburður við *töflu 6* sýnir þó að málið er ekki alveg svona einfalt því meðaltöl þurrka auðvitað út áhugaverðan mun á dæmunum sem vert væri að skoða nánar. Samanburður við niðurstöður fyrir nýju þolmyndina á *mynd 4* er líka áhugaverður því hér er munur eldri og yngri kynslóðanna

ekki eins mikill og þar. Ástæðan gæti t.d. verið sú að hér sé ekki um eins mikla nýjung að ræða og oftast er gert ráð fyrir. Það mætti kanna með því að leita að dæmum í textasöfnum og trjábönkum. En hér gæti líka verið um að ræða nýlega útvíkkun sem hefur breiðst út þvert á kynslóðir, ólíkt nýju þolmyndinni. Þá væri hér um að ræða breytingu í rauntíma hjá einstaklingum, en þá tilgátu mætti auðvitað prófa með því að skoða þetta fyrirbæri í máli sömu einstaklinga síðar (þ.e. gera hóprannsókn í þeim skilningi sem rætt er um í kafla 2.2 hér framar).

4.2.4 Framsöguháttur í stað viðtengingarháttar í aukasetningum

Segja má að framsöguháttur sé hinn sjálfgefni háttur í íslensku og viðtengingarháttur sé aðeins notaður við sérstakar aðstæður. Þannig krefjast sumar sagnir þess að viðtengingarháttur sé notaður í fallsetningum sem þær taka með sér.²⁴ Sömu leiðis heimta nokkrar atviktstengingar að þeim fylgi viðtengingarháttur en aðrar ekki. Þetta má skýra með dæmum (sjá líka Höskuld Þráinsson 2005:459 o.áfr., 147 o.áfr., Guðrúnu Þórðardóttur 2012 og rit sem þar er vísað til):

- (13) a. Ég held að hann ***kemur/komi** á morgun.
 b. Ég veit að hann **kemur/*komi** á morgun.
 c. Hún **spyr** hvort þú ***verður/verðir** heima í kvöld.
 d. Ég veit **ekki** hvort hann **verður/verði** heima í kvöld.
- (14) a. Ég fer **þótt** hann ***kemur/komi** á morgun.
 b. Ég fer **nema** hann ***kemur/komi** á morgun.
 c. Ég fer **ef** hann **kemur/*komi** á morgun.

Hér hefur líklega til skamms tíma verið nokkuð ljóst hvor hátturinn eigi við nema þá í dæmum á borð við (13d) þar sem tvennt hefur verið til.

Viðtengingarháttur er notaður í fleiri tilvikum en þessum en ástæðulaust er að rekja það frekar hér (sjá t.d. umræðu hjá Kristjáni Árnasyni 1981 og Halldóri Ármanni Sigurðssyni 1990, 2010). Hins vegar hefur stundum heyrst að viðtengingarháttur væri að hverfa úr málinu (sjá t.d. frásögn Silju Bjarkar Huldudóttur (2006) af fundi áhugamanna um málvernd í *Morgunblaðinu* 23. janúar 2006, bls. 21). Til að skoða þetta voru þátttakendur í Tilbrigðaverkefninu m.a. látnir meta eftirtalin dæmi (sbr. *Tilbrigði II*, 11. kafli):

²⁴ Þetta er þó einfaldara þegar skýringarsetningar eiga í hlut en þegar um er að ræða spurnaraukasetningar (sjá t.d. Guðrúnu Þórðardóttur 2012 og rit sem þar er vísað til).

76

Höskuldur Þráinsson o.fl.

- (15) a. T2023 *Þú hefur lítið samband við kunningjana.*
Sigrún **segir** að þú **hefur** aldrei komið í heimsókn.
- b. T2033 *Það eru alltaf einhver vandræði með þessa hunda.*
Óli **segir** að Snati **hafi** oft strokið að heiman.
- c. T2043 *Björn var sofandi þegar Gunna bringdi.*
Hún **hélt** að hann **var** ekki heima.
- d. T2053 *Það er ekki búíð að ryksuga stofuna.*
Ég **hélt** að Gústi **væri** búinn að því.
- e. T2093 *Óli er í símanum og segist vera á leiðinni heim.*
Hann **spyr** hvort hann á að kaupa eitthvað.
- f. T2083 *Félagarnir eru að fara í skíðaferðalag.*
Þeir **spyrja** stelpurnar hvort þær **ætli** að koma með.

Í fallsetningunum (skýringar- og spurnaraukasetningunum) er ýmist framsöguháttur eða viðtengingarháttur eins og sjá má. Ef yngsta kynslóðin væri alveg búin að týna viðtengingarhætti niður mætti ætla að það kæmi skýrt fram í dómum um þessar setningar þar sem viðtengingarháttur ætti að vera samkvæmt hefðinni. Yfirlit yfir þá má sjá í töflu 7:


NÚMER	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T2023	Sigrún segir að þú hefur aldrei komið í heimsókn.	51,8	26,4	11,5	13,8	.360	.000	746
b. T2033	Óli segir að Snati hafi oft strokið að heiman.	89,8	97,0	98,5	96,9	-.127	.000	753
c. T2043	Hún hélt að hann var ekki heima.	30,1	15,3	12,3	15,6	.172	.000	754
d. T2053	Ég hélt að Gústi væri búinn að því.	94,9	99,0	99,5	95,0	-.018	.617	751
e. T2093	Hann spyr hvort hann á að kaupa eitthvað.	31,6	18,7	6,2	4,4	.291	.000	754
f. T2083	Þeir spyrja stelpurnar hvort þær ætli að koma með.	79,5	81,7	82,6	75,2	.024	.507	749

Tafla 7: *Jákvætt mat á dæmum með framsöguhætti og viðtengingarhætti í fallsetningum.*

Hér sést í fyrsta lagi að hinn hefðbundni viðtengingarháttur fær mun betri dóma en framsöguhátturinn hjá öllum aldurshópum og ekki er marktækur munur á mati hópanna á viðtengingarháttardæmunum nema þegar b-dæmið á í hlut. Það fær sísta dóma hjá yngsta hópnum, hver sem ástæðan er fyrir sérstöðu þess.²⁵ Hins vegar fær framsöguhátturinn alls

²⁵ Kannski er það ekki unglíngamál að tala um að „Snati hafi oft strokið að heiman“.

staðar besta dóma hjá yngsta aldurshópnum. Næstýngsti hópurinn hafnar ekki a- og e-dæminu alfarið en þeir tveir elstu gera það, einkum því síðarnefnda. Munur aldurshópanna sést skýrar á mynd 7, en þar sýna súlurnar „meðaleinkunnir“ aldurshópanna fyrir framsöguháttardæmin a, c og e í töflu 7 og í (15):



Mynd 7: Meðaleinkunnir fyrir dæmi með óhefðbundnum framsöguhátti í fallsetningum.

Ef allir þátttakendur í tilteknum aldurshópi hefðu talið öll framsöguháttardæmin eðlilegt mál væri meðaleinkunn þess aldurshóps 3 á þessari mynd en hefðu allir talið dæmin ótæk væri meðaleinkunnin 1, eins og áður hefur verið lýst. Vegna þess að þátttakendur fengu einkunnina 2 ef þeir töldu dæmin vafasöm en hvorki eðlileg né ótæk virðast súlurnar á myndinni e.t.v. hærri en ætla mætti út frá hlutfalli jákvæðu dómanna í töflu 7. En bæði taflan og súluritíð sýna að hér er einhver hreyfing á reglum um háttanotkun þótt viðtengingarhátturinn sé alls ekkert liðinn undir lok í fallsetningum.²⁶

²⁶ Reyndar hefur Guðrún Þórðardóttir (2006, 2012) sýnt fram á að viðtengingarhátt-

Hættir í atvikssetningum voru m.a. skoðaðir í Tilbrigðaverkefningu með því að láta þátttakendur meta dæmin í (16). Eins og sjá má mynda þau dæmapör (næstum því lágmarkspör) þar sem framsöguháttur er öðru dæminu en viðtengingarháttur í hinu og viðtengingarháttur er það hefðbundna (sbr. *Tilbrigði II*, 11. kafli):

- (16)a. T2004 *Gummi er búinn að vera veikur í tvo daga.*
Hann ætlar samt í ferðalagið **þótt** hann **er** enn mjög slappur.
- b. T2113 *Jóhanna er búin að fá meira en nóg af þessari flensu.*
Hún ætlar samt í vinnuna **þótt** hún **sé** ennþá lasin.
- c. T2034 *María er mjög óánægð með kaupnið.*
Hún ætlar að hætta **nema** hún **fær** kauphækkun.
- d. T2044 *Margir hafa skorað á Jón að taka þátt í næstu kosningum.*
Hann býður sig ekki fram **nema** hann **fái** annað sætið.

Í töflu 8 er sýnt hvernig þátttakendum féll við þessar setningar:

NÚMÉR	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T2004	Hann ætlar samt í ferðalagið þótt hann er enn mjög slappur.	36,7	20,3	18,6	12,1	.250	.000	749
b. T2113	Hún ætlar samt í vinnuna þótt hún sé ennþá lasin.	84,2	85,2	86,2	82,8	.007	.841	751
c. T2034	Hún ætlar að hætta nema hún fær kauphækkun.	27,0	15,3	8,2	5,1	.288	.000	752
d. T2044	Hann býður sig ekki fram nema hann fái kauphækkun.	89,8	93,1	96,4	88,6	-.014	.708	752

Tafla 8: *Jákvætt mat á atvikssetningum þar sem viðtengingarháttur er hefðbundinn.*


Ein s og sjá má fær hinn hefðbundni viðtengingarháttur mun betri dóma en framsöguhátturinn hjá öllum aldurshópum og ekki er marktækur munur á dómum aldurshópanna um þær setningar (b og d). Hins vegar fær framsöguhátturinn besta dóma hjá yngsta hópnum og lakasta hjá

ur er nú í sókn á kostnað framsöguháttar í *hvort*-setningum þar sem framsöguháttur var fremur notaður áður. Sjá líka kafla 4.2.5 hér á eftir. Einnig er vert að vekja athygli á því að verkaskipting viðtengingarháttar og framsöguháttar virðist alls ekki skýr í máli fyrri alda, eins og yfirlesari minnir á, ekki einu sinni í gullaldarmáli fornsagnanna (sjá t.d. umræðu hjá Eiríki Rögnvaldssyni 2005:609).

Hvert stefnir í íslenski setningagerð?

79

þeim elsta. Munurinn á aldurshópunum sést líka nokkuð glögglega á mynd 8, en þar tákna súlurnar sams konar meðaltöl og áður:



Mynd 8: Meðaleinkunnir aldurshópa fyrir framsögubáttardæmi með þótt og nema.

Talsverð líkindi eru mynd 7 og mynd 8: Hinn óhefðbundni framsöguháttur á frekast upp á pallborðið hjá yngri hópunum, sérstaklega þó þeim yngsta.²⁷ Sumir hafa dregið þá ályktun af þessu að viðtengingarháttur sé á hröðu undanhaldi í íslensku, eins og áður var nefnt. Nýlegar athuganir hafa þó sýnt að málið er ekki svo einfalt (sjá t.d. Guðrúnu Þórðardóttur 2006, 2012, Soffiu Magnúsdóttur 2008, Þórunni Blöndal 2013). Viðtengingarháttur er nefnilega í sókn í sumum tilvikum, svo sem í spurnar-

²⁷ Undantekning frá þessu kom þó fram í mati á setningunum *Þeir eru efstir þótt þeir hafa misst marga leikmenn* og *Þótt þeir hafa ekki unnið marga leiki eru þeir ekki í fallsæti*. Þessar setningar fengu mun betri dóma hjá eldri hópunum en önnur dæmi um óvæntan framsöguhátt. Það kann að stafa af því að munurinn á viðtengingarhættinum *hafi* og framsöguháttinum *hafa* (3.p.ft.) er svo lítill að þátttakendum getur hafa sést yfir hann. Þetta þyrfti þó að rannsaka betur.

setningum á eftir *hvort* (sjá t.d. Guðrúnu Þórðardóttur 2006, 2012). Svipað á við um skilyrðissetningar eins og fram kemur í næsta undirkafla.

4.2.5 Viðtengingarháttur í stað framsöguháttar í skilyrðissetningum

Ýmsir höfðu tekið eftir tilbrigðum í notkun háttar á eftir skilyrðistengingunni *ef*. Þau voru skoðuð í Tilbrigðaverkefningu með því að láta þátttakendur skoða eftirfarandi dæmi m.a.

- (17) a. T1067 *Ég bað Dag um að fara út í sjoppu og kaupa malt.*
Á hann að kaupa eitthvað annað **ef** það **sé** ekki til?
- b. T1091 *Hópurinn atlar í gönguferð um helgina.*
Við förum með **ef** það **hafi** stytt upp.
- c. T2103 *Þeir eru að ljúka við að negla járníð á þakið.*
Á ég að hjálpa þeim **ef** þeir **séu** ekki búnir.
- d. T1107 *Þeir eru að ljúka við að negla járníð á þakið.*
Á ég að hjálpa þeim **ef** þeir **eru** ekki búnir?

Dómar þátttakenda um þessar setningar eru sýndir í töflu 9:

NÚMER	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T1067	Á hann að kaupa eitthvað annað ef það sé ekki til?	45,9	39,1	18,8	14,8	.309	.000	770
b. T1091	Við förum með ef það hafi stytt upp.	17,6	1,5	3,1	7,4	.163	.000	769
c. T2103	Á ég að hjálpa þeim ef þeir séu ekki búnir.	26,0	18,8	11,8	10,1	.196	.000	752
d. T1107	Á ég að hjálpa þeim ef þeir eru ekki búnir.	83,9	93,4	93,2	86,9	-.045	.216	769

Tafla 9: Mat á atvikssetningum með *ef* þar sem búist var við framsöguhátti.

Hér fær hinn hefðbundni framsöguháttur (d-dæmið) besta dóma hjá öllum aldurshópum og ekki er tölfræðilega marktækur munur á aldurshópnum þar. Dæmin með viðtengingarháttinum fá aftur á móti alls staðar besta dóma hjá yngsta aldurshópnum, en þegar sögnin *vera* á í hlut (þ.e. viðtengingarhátturinn *sé*) fylgir þó talsverður hluti næstýngsta hópsins með. Það er aftur á móti aðeins í yngsta hópnunum sem viðtengingarhátturinn *hafi* fær einhverjar undirtektir (b-dæmið). Kannski bendir það til þess að einhverjir af yngstu kynslóðinni séu farnir að alhæfa viðtengingarhátt í skilyrðissetningum með *ef*. Það mætti skoða nánar, en sú þróun væri

raunar í samræmi við það einkenni viðtengingarháttar að tjá óvissu eða efa (sjá áður nefndar lýsingar á merkingu og hlutverki viðtengingarháttar).

4.3 Jákvæðari afstaða meðal yngri aldursbólpanna

Þau afbrigði sem sagt var frá í kafla 4.2 fengu jákvæðasta dóma hjá tveim yngstu aldurshópnum. Það ætti að benda til þess að þetta séu frekar ung afbrigði. Þá tilgátu má prófa með því að leita að dæmum um þessi afbrigði í textum frá ólíkum tímum, eins og vikið verður að í lokakafla þessarar greinar. Í þessum undirkafla verður hins vegar litið á afbrigði sem allmargir þátttakendur úr öllum aldurshópum telja eðlilegt mál þótt þeir séu hlutfallslega fleiri eftir því sem málnotendur eru yngri.

4.3.1 Vaxandi þágufallshneigð

Trúlega er svonefnd þágufallssýki eða þágufallshneigð þekktasta dæmið um tilbrigði í íslenskri setningagerð. Heitið *þágufallssýki* er augljóslega gildishlaðið og líklega er það fyrst notað í eftirfarandi málfarsathugasemd sem er birt hér í heild (Helgi Pjeturss 1928, leturbreytingum bætt inn hér til glöggvunar og smávægilegar leiðréttingar hafa verið gerðar á frágangi textans):

Málsýking

Hvergi hefi eg séð minst á ískyggilega málspillingu, sem er þó orðin svo mögnuð að hún gerir vart við sig hjá vel ritfærum mönnum. Málspillingu þessa mætti kalla **þágufallssýki** (*dativitis*), því að hún lýsir sér þannig, að menn nota mjög þágufall orða þar sem á að vera þolfall. Þannig skrifa nú orðið flestir: „að bola **einhverjum** burt“, þó að hið rétta sé: „að bola **einhvern** burt“. Og fremur sjaldgæft er að sjá skrifað: „berast á **banaspjót**“, eins og rétt er; menn skrifa: „berast á **banaspjótum**“, alveg eins og sagt væri: „að bera **vopnum** á einhvern“. Málsýkingu þessa þyrfti að rannsaka og íslenskukennararnir í barna-skólunum ættu að geta átt góðan þátt í að útrýma henni.

Eins og sjá má er Helgi hér reyndar að tala um notkun þágufalls í stað þolfalls á andlagi en nú er orðið *þágufallssýki* yfirleitt notað um notkun þágufalls í stað eldra þolfalls (eða nefnifalls) á frumlagi. Ásta Svavarsdóttir varð fyrst til að kanna útbreiðslu þessa fyrirbæris á skipulegan hátt (sjá grein hennar í *Íslensku máli* 1982) en síðan hafa ýmsir kannað þetta mál (sbr. Jóhannes Gísla Jónsson og Þórhall Eypórsson 2003, Ástu Svavarsdóttur

2013 og rit sem þar er vísað til). Til að skoða þetta voru þátttakendur í Tilbrigðaverkefningu m.a. beðnir að meta eftirfarandi setningar á þann hátt sem áður var lýst:²⁸

- (18) a. T2005 *Margir fara á árs hátíð í febrúar.*
Okkur **Þorvaldi** langar að fara á þorrablót.
- b. T2021 *Bjarni er búinn vera lengi úti á sjó.*
Honum hlakkar til að komast loksins heim.
- c. T2041 *Helgi er að fara í útilegu.*
Strákunum langar til að fara með honum.
- d. T2091 *Ég hitti bankastjóran í afgreiðslunni.*
Hann spurði hvort **mér** vantaði ekki lán.
- e. T2111 *Guðný er að leita að afmælisgjöf handa Davíð.*
Hún heldur að **honum** vanti annan síma.

Í töflu 10 er sýnt hversu hátt hlutfall þátttakenda í hverjum aldersflokki taldi þessar setningar eðlilegt mál (sbr. *Tilbrigði II*, 7. kafli):

NÚMÉR	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T2005	Okkur Þorvaldi langar að fara á þorrablót.	74,5	75,7	69,6	50,6	.195	.000	750
b. T2021	Honum hlakkar til að komast loksins heim.	63,8	58,4	31,8	16,6	.422	.000	747
c. T2041	Strákunum langar til að fara með honum.	79,6	78,0	66,7	43,8	.293	.000	751
d. T2091	Hann spurði hvort mér vantaði ekki lán.	46,9	35,1	15,4	7,5	.373	.000	752
e. T2111	Hún heldur að honum vanti annan síma.	79,9	71,4	43,6	20,0	.458	.000	747


Tafla 10: **Jákvætt mat** þátttakenda á völdum setningum með þágufallsfrumlagi.

Eins og tafla 10 sýnir fengu þessar setningar yfirleitt jákvæðasta dóma hjá yngstu aldurshópnum. Fylgnin við aldur er oftast í meðallagi sterk og marktæk við $p \leq 0,01$ markið (p -gildið er reyndar minna en 0,001 í öllum

²⁸ Eins og áður var nefnt vísa númer setninganna til þess í hvaða tilbrigðakönnun þær voru og hvert númer þeirra var í þeirri könnun. Í því sambandi er þó vert að benda á að helmingur þátttakenda átti að meta dæmin „í réttri röð“ en helmingur „í öfugri röð“. Þátttakendur í síðarnefnda hópnum fengu þá fyrst dæmin með hæstu númerunum og síðast þau sem voru með lægst númer.

tilvikum, sem merkir að líkurnar á því að fylgnin sé tilviljun er minni en 1%). Munurinn á aldurshópunum er reyndar mismikill og minnstur þegar a-dæmið á í hlut, enda er það svolítið sér á báti. Síðan fær dæmið fornafrni fyrstu persónu (d-dæmið) langsísta dóma, en það er í samræmi við niðurstöður úr öðrum könnunum á þágufallshneigð (eða þágufalls-sýki, sbr. Ástu Svavarsdóttur 2013).

Samband aldurs og þágufallshneigðar með þessum sögnum sést enn skýrar á mynd 9 (sbr. *Tilbrigði II*, 7. kafli):



Mynd 9: Meðaleinkunn fyrir þágufallshneigð með völdum sögnum (langa, hlakka, vanta).

Af þessum niðurstöðum liggur því beint við að draga þá ályktun að þágufallshneigð sé í sókn í íslensku, a.m.k. með þeim sögnum sem hér eru til skoðunar, og hafi verið það allengi.²⁹ Að vísu er aldursbinding alltaf

²⁹ Í Tilbrigðaverkefninu varð hins vegar vart við gagnstæða tilhneigingu, þ.e. þá að samþykkja nefnifall með sögnum sem hafa tekið þágufallsfrumlag frá fornu fari. Þannig voru það fyrst og fremst yngstu aldurshóparnir tveir sem samþykktu nefnifall með sögninni *ljúka* í dæminu *Önnur skákin lauk með sigri Jóhannesar* (sjá *Tilbrigði II*, 7. kafli) og fylgnin við aldur var mjög vel marktæk ($p < 0,001$).

hugsanleg túlkun á gögnum af þessu tagi (sbr. umræðuna í kafla 2.2 og víðar), en aðrar rannsóknir styðja þá túlkun að þágufallshneigð sé vaxandi (sjá t.d. Ástu Svavarsdóttur 2013 og rit sem þar er vísað til) og jafnvel að vísi að henni megi finna í býsna gömlum ritum (sjá t.d. Heimi Frey Viðarsson 2009).

4.3.2 Þágufallsandlag í sókn

Yfirleitt er talið að þolfall sé hið sjálfgefna (e. *default*) andlagsfall í íslensku. Þó taka býsna margar sagnir með sér þágufallsandlag og ýmsar vísbendingar eru um reglulegar tilhneigingar í því sambandi (sjá t.d. Jóhönnu Barðdal 2001, Maling 2002, Svenonius 2002, Jóhannes Gísla Jónsson 2005, 2013). Nokkrar sagnir taka þó með sér þágufallsandlag í máli sumra en þolfall í máli annarra og niðurstöður Tilbrigðaverkefnisins benda til að þar sé þágufallið í sókn í ákveðnum tilvikum. Meðal þeirra setninga sem voru skoðaðar í Tilbrigðaverkefninu til þess að kanna þau atriði sem nú voru nefnd má nefna þessar:

- (19)a. T2002 *Tölvutæknin hefur valdið byltingu.*
Fólk þarf sjaldan að faxa **eyðublöðum** lengur.
- b. T2012 *Þetta var glæsilegt mark.*
Sóknarmaðurinn negldi **boltanum** í netið.
- c. T2074 *Haukar dattu snemma út úr bikarkeppninni.*
Skagamenn rústuðu **þeim** í fyrstu umferð.
- d. T2094 *Það er dýrt að leigja íbúð í miðbænum.*
Gísli vill samt framlengja **leigusamningnum**.

Þótt segja megi að þessar sagnir séu merkingarlega skyldar eru þær ekki alveg sambærilegar. Sögnin *faxa* er nýleg tökusögn (þótt hún sé reyndar að detta út úr málinu aftur vegna breyttrar tækni), *negla* og *rústa* eru eldri en notkunin sem hér um ræðir (iþróttamál) er ný. Þess vegna er forvitnilegt að sjá hvort kynslóðirnar fara eins með þessar sagnir. Yfirlit yfir niðurstöðurnar má sjá í *töflu 11*.


Þessi dæmi eiga greinilega síst upp á pallborðið hjá elstu kynslóðinni þótt verulegur hluti hennar telji þau eðlilegt mál nema þá það fyrsta, en þar er um nýlega tökusögn að ræða. Dómarnir eru jákvæðari hjá þeim yngri þótt reyndar sé að meðaltali sáralítill munur á yngstu kynslóðunum tveim. Samanburður kynslóðanna verður eins og áður skýrari á súluriti, sbr. *mynd 10*:

Hvert stefnir í íslenski setningagerð?

85

NÚMÉR	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T2002	Fólk þarf sjaldan að faxa eyðublöðum lengur.	37,4	23,9	17,5	14,6	.256	.000	747
b. T2012	Sóknarmaðurinn negldi boltanum í netið.	87,2	88,1	66,0	42,7	.373	.000	748
c. T2074	Skagamenn rústuðu þeim í fyrstu umferð.	93,4	97,5	79,4	47,1	.417	.000	749
d. T2094	Gísli vill samt framlengja leigusamningnum .	65,3	65,5	64,4	45,6	.148	.000	753

Tafla 11: **Jákvætt mat** einstakra aldurs hópa á völdum dæmum um þágufalls- og þólfallsandlag.



Mynd 10: Meðaleinkunn fyrir þágufallsandlag með völdum sögnum (faxa, negla, rústa, framlengja).

Það eru veruleg líkindi með *mynd 10* og *mynd 9*, en þær eru talsvert frábrugðnar flestum myndunum í kafla 4.2: Kynslóðirnar fylgjast meira að hér þótt þær yngri séu í fararbroddi, ef svo má segja.

4.3.3 Tölusamræmi við hlutaeignarfall

Með hugtakinu **hlutaeignarfall** (e. *partitive genitive*, lat. *genitivus partitivus*) er átt við eignarfall sem stendur með nafnorði og stýrist af því og táknar einhverja heild sem nafnorðið er hluti af, sbr. (20):

(20) meirihluti þátttakenda

Í stað eignarfalls af þessu tagi má oft nota forsetningarlið með forsetningunni *af* í svipaðri merkingu (sbr. *meirihluti(nn) af þátttakendunum*).

Í nafnliðum á borð við (20) er nefnifallið (hér *meirihluti*) aðalorðið. Gegni nafnliður af þessu tagi hlutverki frumlags má því búast við að sögnin lagi sig að nefnifallsorðinu (í tölu). Sumir láta sögnina þó laga sig í tölu að hlutaeignarfallinu³⁰ og þá koma fram tilbrigði eins og þau sem sýnd eru í (21):

(21) Meirihluti þátttakenda **var/voru** frá Japan.

Lausleg athugun sýndi að auðvelt var að finna dæmi um bæði afbrigðin, t.d. á *timarit.is*. Það þótti því áhugavert að skoða þetta fyrirbæri í Tilbrigðaverkefningunni. Til þess voru m.a. notuð eftirtalin dæmi:³¹

- (22)a. T2047 *Skólaballið stóð langt fram á nótt.*
Fjöldi nemenda vöknuðu of seint morguninn eftir.
- b. T2060 *Ásgeir skoraði glæsilegt mark.*
Fjöldi áhorfenda fagnaði markinu innilega.
- c. T2070 *Ráðherrann lagði fram tillögu um styttra jólafrí.*
Meirihluti þingmanna höfnuðu tillögunni.
- d. T2080 *Vinnuveitandinn kom með nýjan samning.*
Stór hluti starfsmanna hafnaði honum.

³⁰ Þ.e. að tölu orðsins sem stendur í hlutaeignarfalli. Þetta virðist sem sé fyrst og fremst og kannski eingöngu gerast þegar um eignarfall í hlutamerkingu er að ræða. Dæmi með tölusamræmi við nafnliði í annars konar eignarfalli, eins og t.d. **Stór hópur ferðamanna komu frá Japan í morgun*, sýnast ekki koma fyrir.

³¹ Yfirlitari bendir á að breytileiki af þessu tagi sé vel þekktur í ýmsum málum og finnst „sjónarhornið ... þröngt“ að láta þess ekki getið. Því er til að svara að markmiðið hér, eins og annars staðar í greininni, er að skoða aldursdreifingu tiltekinnar afbrigða í íslensku til að kanna hvort sú dreifing getur sagt okkur eitthvað um aldur fyrirbærisins eða edli útbreiðslunnar. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort hliðstæð fyrirbæri finnast í öðrum málum eða ekki.

Hvert stefnir í íslenski setningagerð?

87

Hér er samræmi við hlutaeignarfallið í dæmum a og c en samræmi við nefnifallið í b og d. Yfirlit yfir jákvæða dóma þátttakenda um þessar setningar má sjá í töflu 12:

NÚMÉR	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T2047	Fjöldi nemenda vöknúðu of seint morguninn eftir.	76,5	70,4	52,8	59,7	.199	.000	
b. T2060	Fjöldi áhorfenda fagnaði markinu innilega.	76,8	92,6	94,3	89,4	-.134	.000	
c. T2070	Meirihluti þingmanna höfnuðu tillöggunni.	80,1	84,2	63,7	71,7	.161	.000	
d. T2080	Stór hluti starfsmanna hafnaði honum.	84,2	93,1	92,3	91,8	-.071	.052	

Tafla 12: Jákvætt mat á setningum með hlutaeignarfalli.

Hér má sjá að yfirleitt fær samræmið við nefnifallið (hið hefðbundna samræmi við aðalorð nafnliðarins) betri dóma en samræmið við hlutaeignarfallið, einkum hjá eldri hópunum. Annars virðist niðurstaðan sú að þeir yngri séu heldur líklegri en þeir eldri til að láta sögnina laga sig að hlutaeignarfallinu þótt það samræmi sé líka vel þekkt meðal þeirra eldri og reyndar ekki síður í elsta hópnum en þeim næstelsta. Fylgnin við aldur er hins vegar almennt veik og ekki tölfræðilega marktæk fyrir síðasta dæmið (samræmi við nefnifallið *stór hluti*). Ef reiknuð er „meðaleinkunn“ fyrir dæmin með samræmi við hlutaeignarfallið og aldurshóparnir bornir saman á súluriti eins og á mynd 11 sést vel að munur aldurshópanna er lítill og ekki alveg reglulegur.


Eðlilegast virðist að túlka þetta þannig að samræmi við hlutaeignarfall sé ekki nýlegt fyrirbæri í málinu þótt það færist heldur í vöxt. Það er þó auðvitað tilgáta sem vert væri að prófa með því að skoða textadæmi.

4.3.4 Langdræg afturbeyging og framsöguháttur

Eitt af því sem greinir íslensku frá flestum nágrannamálunum öðrum en færeysku er ríkuleg notkun svokallaðrar **langdrægrar afturbeygingar** (e. *long distance reflexivization*). Með því er átt við það þegar afturbeygt fornafn í aukasetningu hefur undanfara utan þeirrar setningar, líkt og í (23) (hér afmarka hornklofarnir aukasetninguna):

(23) **Hann** segir [að þú hafir svikið **sig**].

Algengast er að þessi langdrægu afturbeygðu fornöfn komi fyrir í aukasetningum þar sem persónubeygða sögnin er í viðtengingarhætti, sbr.



Mynd 11: Meðaleinkunn fyrir samræmi við blutæignarfall.

sagnmyndina *hafir* í (23) (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:522–523). Ýmsar setningar af þessu tagi voru prófaðar í Tilbrigðaverkefninu og þátttakendur úr öllum aldurshópum samþykktu þær. Hins vegar var vitað fyrir að sumir málnotendur sættu sig líka við langdræga afturbeygingu þar sem afturbeygða fornafrnið væri í aukasetningu með sögn í framsöguhætti, t.d. á eftir sögninni *vita* (þetta er fyrst rætt á fræðilegan hátt hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni 1990). Þess vegna voru eftirtalin dæmi m.a. borin undir þátttakendur í Tilbrigðaverkefninu:

- (24)a. T3037 *Jón hefur engar áhyggjur af þessu.*
Hann veit að þú elskar sig.
- b. T3102 *Ég stalst til að taka myndir á tónleikumum.*
Dóra vissi að ég tók mynd af sér.

Í töflu 8 er sýnt hvernig þátttakendur úr ólíkum aldurshópum mátu þessi dæmi:


Hvert stefnir í íslenski setningagerð?

89

NÚMÉR	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T3037	Hann veit að þú elskar sig.	42,8	30,5	31,5	22,9	.178	.000	712
b. T3102	Dóra vissi að ég tók mynd af sér.	52,2	45,3	43,1	25,6	.232	.000	711

Tafla 13: *Jákvætt mat þátttakenda á langdrægri afturbeygingu út úr setningum með framsöguhátti.*

Hér er fylgnin við aldur mjög vel marktæk þótt hún sé frekar veik. Sambandið við aldur sést ennþá betur á mynd 12.



Mynd 12: *Langdræg afturbeyging út úr framsöguháttarsetningum.*

Spurningin er þá hvort þetta merkir að tengsl langdrægrar afturbeygingar við viðtengingarhátt séu eitthvað að veiklast í íslensku — eða jafnvel hvort einhverjar róttækar breytingar séu að verða í því. Það gæti auðvitað líka tengst einhverjum breytingum í verkaskiptingu framsöguháttar og viðtengingarháttar almennt, en hún var til umræðu í köflum 4.2.4 og 4.2.5

hér frammar. Hins vegar má benda á það í þessu sambandi að áður nefnd tengsl milli viðtengingarháttar og langdrægrar afturbeygingar virðast ekki hafa verið sérlega sterk í fornu máli (sjá t.d. dæmi (15-25b) hjá Eiríki Rögnvaldssyni 2005:613). Það væri því forvitnilegt að skoða þróun þessara vensla í textum.

4.3.5 Óaðskiljanleg eign og greinir

Hugtakið **óaðskiljanleg eign** (e. *inalienable possession*) er notað í málfræði um „eignir“ eins og líkamshluta og skyld fyrirbæri (stundum líka kallað **óaðskiljanlegur hluti**, sbr. Höskuld Þráinsson 2005:214, 217–218). Þetta eru þá orð eins og *fótur*, *hár*, *höfuð*, *hönd*, *nef*, *tennur*, *tær* o.s.frv. Þegar þessi orð eru notuð um eign af þessu tagi er samspil greinis og eignarfor-nafns/eignarfalls nokkuð sérstakt eins og sýnt er í (25):

- (25) a. fótur þinn/hár þitt/höfuð þitt ... er ...
 b. fóturinn þinn/hárið þitt/höfuðið þitt ... er ...
 c. *fótur á þér/*hár á þér/*höfuð á þér ... er ...
 d. fóturinn á þér/hárið á þér/höfuðið á þér ... er ...

Hér eru flestir væntanlega sammála um að a-gerðin sé dálítið formleg og d-gerðin sé talmálslegri. Flestum þykir c-gerðin líklega ótæk en líklegt er að skoðanir séu skiptar um b-gerðina. Þar myndi gegna öðru máli ef nafn-orðið vísaði í einhvern hlut sem ekki væri óaðskiljanleg eign, eins og *hús* til dæmis.³²

Til að skoða atriði af þessu tagi voru þátttakendur í Tilbrigðaverkefninu m.a. látnir meta eftirtaldar setningar (sbr. *Tilbrigði II*, 13. kafli):

- (26) a. T3006 *Ég fann lyklana.*
 Þeir voru í **vasa** mínum.
 b. T3022 *Þú getur fengið peninga hjá mér.*
 Veskið er í **vasanum** mínum.
 c. T3048 *Þetta er besta hárnæringin sem við eigum.*
Hár þitt verður mjúkt og glansandi af henni.
 d. T3098 *Unnur hlýtur að láta illa í svefni.*
Hárið hennar er alltaf svo flókið á morgnana.

³² Ef flett er upp á orðasamböndunum *hár hennar* og *hárið hennar* á *timarit.is* er fjöldinn 4.077 án greinis á móti 582 með greini. Ef flett er upp á orðasamböndunum *hús hennar* og *húsið hennar* snúast hlutföllin við: 943 dæmi án greinis og 1.146 með greini.

Hvert stefnir í íslenskri setningagerð?

91


- e. T3070 *Þessi strákur lenti í eiturlyfjum.*
Hann hefur eyðilagt líf sitt.
- f. T3060 *Stefán er mjög niðurdreginn.*
Hann er óánægður með lífið sitt.
- g. T3038 *Svakalega er Gyða andfúl.*
Hún verður að bursta **tennurnar** sínar oftar.
- h. T3101 *Kristinn lenti í slagsmálum í gær.*
Nefið hans er rautt og þrútið.
- i. T3108 *Gætirðu nokkuð fært þig aðeins?*
Þú stendur á **fætinum** mínum.
- j. T3113 *Geir er farinn að stunda líkamsrækt.*
Hann var hættur að geta snert **tærnar** sínar.

Hér tákna orðið *vasi* í fyrsta dæmaparinu auðvitað ekki óaðskiljanlega eign en var haft með vegna þess að grunur lék á að notkun greinis í eignarsamböndum með því væri svipuð. Yfirlit yfir mat þátttakenda á þessum dæmum er sýnt í töflu 14. Þegar tölurnar eru túlkaðar er vert að hafa í huga að í sumum tilvikum hljóma dæmi af þessu tagi án greinis trúlega sem formlegt eða hátíðlegt mál í eyrum sumra (*hár þitt*) og talmálslegra form sem allir setta sig væntanlega við gæti þá verið með greini og forsetningarlið í stað eignarfornafnsins (*hárið á þér*), en sú gerð var ekki prófuð hér.

NÚMÉR	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T3006	Þeir voru í vasa mínum.	37,8	37,3	78,0	94,5	-.478	.000	711
b. T3022	Veskið er í vasanum mínum.	86,6	90,4	81,4	49,1	.312	.000	711
c. T3048	Hár þitt verður mjúkt og glansandi af henni.	56,5	62,0	78,0	80,5	-.219	.000	711
d. T3098	Hárið hennar er alltaf svo flókið á morgnana.	80,9	78,8	64,9	48,8	.257	.000	710
e. T3070	Hann hefur eyðilagt líf sitt.	87,6	94,4	97,0	97,0	-.150	.000	714
f. T3060	Hann er óánægður með lífið sitt.	72,1	66,5	52,4	28,3	.319	.000	714
g. T3038	Hún verður að bursta tennurnar sínar oftar.	77,6	80,2	73,2	51,8	.195	.000	712
h. T3101	Nefið hans er rautt og þrútið.	67,7	67,6	62,5	50,6	.127	.001	712
i. T3108	Þú stendur á fætinum mínum.	65,3	58,8	55,1	36,6	.196	.000	707
j. T3113	Hann var hættur að geta snert tærnar sínar.	70,5	63,3	49,1	39,6	.243	.000	708

Tafla 14: *Jákvætt mat þátttakenda á eignarsamböndum með og án greinis.*

Hér kemur fram alveg skýr mynd: Dæmin sem eru án greinis fá betri dóma hjá eldri aldurshópunum, þau sem eru með greini fá betri dóma hjá þeim yngri. Fylgnin við aldur er mjög vel marktæk í öllum tilvikum og sums staðar talsvert mikil. Skilin eru yfirleitt skörpust milli elsta og næst-elsta hópsins þegar dæmi með greini eiga í hlut eins og sjá má á mynd 13:



Mynd 13: Meðaleinkunnir fyrir eignarsambönd með greini (dæmi b,d,f,g,b,i,j í töflu 14).


Hér virðist greinirinn sem sé vera að sækja í sig veðrið þótt munur aldurs-
hópanna sé ekki mjög mikill. Hliðstæð mynd sem sýndi meðaleinkunn
fyrir mat á þeim dæmum sem eru án greinis í töflu 14 (og í (25)) ætti að
sýna öfug hlutföll, en þar gætu líka komið fram einhver málsniðsáhrif
(þ.e. að dæmi eins og *hár þitt* fengju besta dóma hjá þeim sem kunna að
meta formlegt málsnið). Við skoðum dóma um setningar af þessu tagi án
greinis í næsta undirkafla.

4.4 Neikvæðari afstaða hjá yngri aldursbópunum

Í öllum þeim dæmum sem hafa verið til skoðunar fram að þessu hafa yngri hóparnir oftast verið jákvæðari en þeir eldri. Ein hugsanleg skýring gæti auðvitað verið sú að yngra fólk væri almennt jákvæðara í dómum af þessu tagi. Þetta hefur þó reyndar ekki verið undantekningarlaust með þessum hætti og í næstu undirköflum munum við skoða dæmi þar sem dómarnir voru á hinn veginn.

4.4.1 Óaðskiljanleg eign og greinir

Eins og sjá mátti í *töflu 14* hér á undan voru eldri þátttakendur líklegri en þeir yngri til þess að telja eðlilegt mál þau dæmi um „óaðskiljanlega eign“ þar sem nafnorðið var án greinis (dæmi a, c, e í töflunni og í (25)). Þessi munur aldursbópanna sést vel á *mynd 14*.



Mynd 14: Meðaleinkunn fyrir dæmi um óaðskiljanlega eign án greinis.

Eins og vænta mátti hafa hlutföllin í *mynd 13* snúist við, enda var í sumum tilvikum um nokkurs konar lágmarkspör að ræða (sbr. a/b, c/d og e/f í

(25)). Þeir elstu eru sem sé líklegastir til þess að nota nafnorðin án greinis í þessu samhengi (*hár þitt, í vasa mínum ...*) og þeir yngstu ólíklegastir til þess.

4.4.2 Samræmi við nefnifallsandlag

Hefðbundin skilgreining á andlagi er yfirleitt eitthvað á þá leið að það sé „fallorð í aukafalli sem stýrist af sögn“. Miðað við það ættu engin nefnifallsandlög að vera til. Undanfarna áratugi hafa þó verið færð margvísleg rök fyrir því að þágufallsliðurinn í eftirfarandi dæmum sé frumlag og nefnifallsliðurinn andlag (sjá t.d. Höskuld Þránínsson 2005:288–290 o.v.):

- (27) a. **Mér** hefur aldrei líkað **þessi bíll**.
 b. **Honum** leiddist samt **málfræðin**.

Svo virðist sem nefnifallsandlög í íslensku séu bundin við sagnir sem taka þágufallsfrumlag og sagnir sem taka þágufallsfrumlag og nefnifallsandlag eru ekki mjög margar (auk *líka* og *leiðast* má nefna *áskotnast* og *sárna*).

Það hefur verið vitað um nokkurt skeið að sumir láta persónubeygða sögn laga sig að þessum nefnifallsandlögum í tölu en aðrir kjósa frekar að láta sögnina vera í hinni sjálfgefnu 3.p.et. (sjá t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 1990–1991, 1992, sbr. líka Elvu Díönu Davíðsdóttur 2008 og Guðbjörgu Elínu Ragnarsdóttur 2011). Þess vegna var ákveðið að skoða þetta í Tilbrigðaverkefninu og til þess voru m.a. notaðar eftirtaldar setningar með sögninni *leiðast* (sbr. *Tilbrigði II*, 12. kafli):³³

- (28) a. T1092 *Krökkunum fannst gaman að syngja.*
 Þeim **leiddust** samt **kóræfingarnar**.
 b. T1032 *Völu fannst gaman í skólanum.*
 Henni **leiddist** samt **bókmenntatímarnir**.
 c. L3-7 *Óli var dreginn á sinfóniutónleika.*
 Honum **leiddust tónleikarnir** mjög mikið.
 d. L3-21 *Sigrún var mjög samviskusöm og æfði sig mikið.*
 Henni **leiddist** samt **píanótímarnir** alveg ofsalega.
 e. T3004 *Gunna steinsofnaði í bíóinu.*
 Henni **hafa** alltaf leiðst **langar bíómyndir**.
 f. T3021 *Marteinn mætir sjaldan á fundi með okkur.*
 Honum **hefur** alltaf leiðst **langir stjórnarfundir**.

³³ Einnig voru prófuð dæmi með sögninni *blöskra* en þau skáru sig nokkuð úr, m.a. að því leyti að allmörgum fannst þau vafasöm, hvort sem þau voru með samræmi eða án þess. Ástæðan gæti verið sú að þessi sögn sé ekki hluti af daglegu máli þátttakenda, t.d. ekki þeirra yngstu. Þessum dæmum er því sleppt hér.


Tafla 15 sýnir yfirlit yfir jákvæða dóma þátttakenda um þessar setningar (setningar sem eru merktar með L3 voru hluti af þriðju tilbrigðakönnuninni og þar voru dæmin leikin af diskum fyrir þátttakendur, sem höfðu þau líka fyrir framan sig á blaði):

NÚMER	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T1092	Þeim leiddust samt kóræfingarnar.	60,9	67,5	70,3	72,2	?.087	.016	767
b. T1032	Henni leiddist samt bókmenntatímarnir.	70,2	64,5	58,1	59,7	.102	.004	769
c. L3.7	Honum leiddust tónleikarnir mjög mikið.	58,2	79,3	83,2	81,0	?.195	.000	710
d. L3.21	Henni leiddist samt píanótímarnir alveg ofsalega.	71,0	74,9	53,5	52,1	.205	.000	711
e. T3004	Henni hafa alltaf leiðst langar bíómyndir.	50,5	64,8	71,4	77,4	?.200	.000	708
f. T3021	Honum hefur alltaf leiðst langir stjórnarfundir.	63,7	81,5	76,2	73,0	?.042	.264	710

Tafla 15: *Jákvætt mat á samræmi og samræmisleysi við nefnifallsandlag.*

Hér er myndin nokkuð skýr ef við lítum á fyrstu tvö dæmapörin: Samræmi við nefnifallsandlag (dæmi a og c) fær betri dóma hjá eldri kynslóðunum en samræmisleysi (b og d) betri dóma hjá þeim yngri. Fylgni við aldur er þó lítil og *p* ekki alls staðar minna en 0,01. Dómarnir um e-dæmið eru líka í samræmi við þetta. Aftur á móti er matið á f-dæminu nokkuð á skjön við annað og þar er engin marktæk fylgni við aldur. Það e og f er frábrugðið hinum að því leyti að þar er persónubeygða sögnin hjálparsögn og kannski hefur það einhver áhrif, hvernig sem á því gæti staðið.³⁴ Eins og sjá má af númerum dæmanna eru þau ekki öll úr sömu könnun og því ekki um sömu þátttakendur að ræða nema að hluta til (sbr. umræðu í 3. kafla). Þess vegna er ekki hægt að reikna meðaleinkunn þátttakenda fyrir allar samræmisetningarnar til dæmis (þ.e. þær setningar sem sýna samræmi við nefnifallsandlag). En þar sem samræmisdæmin c og e eru úr sömu könnun má reikna meðaleinkunn þátttakenda fyrir þau og bera aldurshópana saman á súluriti. Það er gert á mynd 15.

³⁴ Tilbrigði í samræmi voru líka könnuð í svolítið flóknari setningum, þ.e. dæmum í líkingu við *Honum sýndust/sýndist vera jeppaslóðir í snjónum* og *Henni fundust/fannst þær frekar skemmtilegar*. Þar kom ekki fram skýr munur á milli kynslóða.



Mynd 15: Meðaleinkunn fyrir samræmi við nefnifallsandlag (*c* og *e* í töflu 15).

Hér sést að munur aldurshópanna er yfirleitt lítill — það er helst að sá yngsti skeri sig úr að því leyti að hann er ólíklegri en hinir til að láta sögnina samræmast nefnifallsandlaginu.

4.4.3 Eignarfall persónufornafns í tengdum liðum

Íslensku eignarfornöfnin *minn* og *þinn* laga sig yfirleitt í kyni, tölu og falli að því nafnorði sem þau standa með, eins og kunnugt er. Þetta á líka við þegar nafnorðið er látið ósagt (sbr. a-dæmið hér á eftir). Þegar eigandinn er þriðja persóna er hins vegar notað eignarfall persónufornafns (*hans*, *hennar*, *þess* ...) og það lagar sig ekki að nafnorðinu sem það stendur með á neinn hátt (sbr. (29b)).³⁵ Þannig er yfirleitt ekki hægt að nota eignarföllin *mín* og *þín* af fornöfnum fyrstu og annarrar persónu:

- (29)a. Þetta kemur fram [í bók Jóns] og líka [(í bók) **minni**/***mín**].
 b. Þetta kom fram á fundi [**þínum**/***þín** og formannsins].

³⁵ Afturbeygða eignarfornafrnið *sinn* gerir það hins vegar og beygist á sama hátt og *minn* og *þinn*.

Dæmin í (29) eru ekki alveg sama eðlis eins og hornklofarnir eiga að sýna: Í a-dæminu er um „tvær eignir“ að ræða (þ.e. tvær bækur) en í b-dæminu er fundurinn bara einn og „þú og formaðurinn“ eigið hann saman. Þrátt fyrir það virðast reglurnar hliðstæðar, þ.e. notað er beygt form af eignarfornöfnunum *minn* og *þinn* í þessum tilvikum og eignarfallið *mín* og *þín* virðist ótækt. Hins vegar virðast dæmi eins og (30) brjóta þessar meginreglur:³⁶

(30) Þetta kom fram á fundi formannsins og **mín**.

Hér virðist sem sé vera notað eignarfallið *mín* (af persónufornafninu *ég*) en ekki beygt form af eignarfornafninu *minn* (sem ætti þá að vera *mínum* í þessu tilviki, sbr. *á fundi ... mínum*). Ekki virðist fjallað um setningar af þessu tagi í handbókum og því þótti forvitnilegt að bera þær undir dóm þátttakenda í Tilbrigðaverkefningu. Með því móti mætti t.d. fá vísbendingar um hvort hér væri einhver nýjung á ferð (sbr. *Tilbrigði II*, 13. kafli). Í því skyni var afstaða til eftirfarandi dæma könnuð:

- (31) a. T2048 *Nefndin skilaði tillögum fyrir viku.*
 Þær voru svo ræddar á fundi forstjórans og **mín**.
- b. T2068 *Kostnaðaráætlunin er alltof há.*
 Það hafði áhrif á afstöðu nefndarinnar og **mín**.
- c. T2088 *Það komu fram nýjar upplýsingar um málið.*
 Þær mótuðu afstöðu Stefáns og **mín**.
- d. T2108 *Bókin fjallar um náttúruvernd.*
 Hún var mjög fróðleg að mati höfundar og **mín**.


Þátttakendur voru líka beðnir að meta samsvarandi dæmi með beygðu persónufornafni (t.d. *á fundi skólastjórans og mínum, afstöðu stjórnarinnar og mína* ...). Þau fengu í öllum tilvikum lakari dóma en dæmin með *mín* og þar var ekki marktækur munur á dómum aldurshópanna. Dæmin í (30) fengu hins vegar almennt betri dóma hjá þeim eldri, þannig að hér ætti ekki að vera um nýjung að ræða. Athugun á textum ætti þá að staðfesta það. Yfirlit yfir jákvæða dóma um þessar setningar er sýnt í *töflu 16*.

Hér er það alls staðar elsti hópurinn sem kann best að meta þessi dæmi og fylgnin við aldur er alls staðar mjög vel marktæk þótt hún sé veik og yfirleitt ekki línuleg (yngsti hópurinn kann yfirleitt betur að meta dæmin en sá næstýngsti). Munur aldurshópanna sést skýrar á *mynd 16*:

³⁶ Eiríkur Rögnvaldsson tók eftir dæmum af þessu tagi um það leyti sem Tilbrigðaverkefnið var að fara af stað.

NÚMER	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T2048	Þær voru svo ræddar á fundi for- stjórans og mín.	26,0	12,9	32,0	40,5	-.182	.000	750
b. T2068	Það hafði áhrif á afstöðu nefndarinnar og mín.	20,1	17,2	25,4	33,3	-.129	.000	749
c. T2088	Þær mótuðu afstöðu Stefáns og mín.	28,2	24,6	35,4	42,1	-.110	.003	752
d. T2108	Hún var mjög fróðleg að mati höfundar og mín.	28,7	21,8	28,9	40,1	-.109	.003	748

Tafla 16: *Jákvætt mat á eignarsamböndum með eignarfallinu mín í tengdum liðum.*



Mynd 16: *Meðaleinkunn fyrir eignarfall persónufornafns í tengdum liðum.*

Hér sjáum við að lítil munur er á aldurshópunum þótt tveir þeir elstu séu reyndar heldur líklegri en hinir til þess að samþykka þessa setningagerð. Það bendir ekki til þess að um nýlegt fyrirbæri sé að ræða, en þetta er atriði sem vel mætti skoða nánar, m.a. í textum, og þá auðvitað líka með

fornafni annarrar persónu í stað þeirrar fyrstu (t.d. *á fundi formannsins og þín*). Eins mætti skoða nánar dæmi þar sem röðin er á hinn veginn, en þau hljóma mun verr (þ.e. dæmi á borð við **á fundi þín og formannsins*).

4.4.4 Kjarnafærsla

Með **kjarnafærslu** er átt við það þegar liðir eru „færðir“ fremst í aðal- eða aukasetningu. Þetta er sýnt með dæmum í (32) þar sem feitletrun auðkennir hinn færða lið og — staðinn sem hann er færður úr, en aukasetningar eru afmarkaðar með hornklofum (sjá t.d. umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:443–444, 577):

- (32)a. Hann hafði hitt Guðmund í gær.
 b. Í **gær** hafði hann hitt Guðmund — .
 c. Hann sagði [að hann gæti ekki sungið þjóðsönginn].
 d. Hann sagði [að **þjóðsönginn** gæti hann ekki sungið —]
 e. Ég spurði [hverja hann hefði hitt í gær].
 f. *Ég spurði [hverja í **gær** hefði hann hitt —].

Hér er f-dæmið merkt með stjörnu, enda eru flestir líklega sammála um að þar gangi færslan ekki vel. Það er nefnilega talsvert misjafnt eftir eðli aukasetninga hversu vel gengur að beita slíkri færslu innan þeirra, en einnig er vitað að málnotendur eru nokkuð misjafnlega fúsir til að samþykkja færslur af þessu tagi í aukasetningum (sjá t.d. Friðrik Magnússon 1990, Ásgrím Angantýsson 2011 og rit sem þar er vísað til). Þess vegna var ákveðið að bera m.a. setningarnar í (33) undir dóm þátttakenda í Tilbrigðaverkefningu (sbr. *Tilbrigði II*, 14. kafli). Eins og sjá má innihalda sumar þeirra skýringarsetningar á eftir ólíkum sögnum (*vita, segja, halda, efast um, harma, uppgötva*), en komið hefur í ljós að ólíkir merkingareiginleikar sagna af þessu tagi hafa áhrif á setningarleg einkenni aukasetninganna sem þær taka með sér (sjá t.d. Ásgrím Angantýsson 2011 og rit sem þar er vísað til). Síðustu þrjú dæmin innihalda síðan spurnarsetningar (á eftir *hverja, hvort*) og tilvísunarsetningu (á eftir *sem*), en þess háttar aukasetningar eru yfirleitt ólíkastar aðalsetningum að eðli.

- (33)a. T3007 *María hefur séð margar evrópskar höfuðborgir.*
 Ég **veit** þó að **til Aþenu** hefur hún aldrei komið — .
 b. T3045 *Söngvarinn var slæmur í hálsinum.*
 Hann **sagði** að **þjóðsönginn** gæti hann ekki sungið — .
 c. T3051 *Jói kom með gamla mynd af Reykjavík.*
 Hann **hélt** að **þá mynd** hefðum við ekki séð — .

- d. T3062 *María hefur hitt marga af starfsmönnum.*
Ég **efast** samt **um** að **þennan mann** hafi hún hitt ____.
- e. T3090 *Borgarfulltrúarnir ræddu ekki málefni aldraðra.*
Ráðherrann **harmar** að **það mál** skuli þeir ekki hafa rætt ____.
- f. T3095 *Gunnar rakst á Heimsljós á fornbókasölu.*
Hann **uppgötvaði** að **þá bók** hafði hann ekki lesið ____.
- g. L3.22 *Jóhann var að koma úr viðskiptaferð um Evrópu.*
Ég spurði hann hverja **í gær** hefði hann hitt ____.
- h. T3049 *Jóna hefur komið til margra borga.*
Ég veit þó ekki hvort **til Rómar** hefur hún komið.
- i. T3080 *Þetta er ekki strákurinn sem ég hitti í London.*
Þetta er strákurinn sem **í París** hitti ég síðast.

Yfirlit yfir dóma þátttakenda um þessar setningar er sýnt í töflu 17:

NÚMÉR	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T3007	Ég veit þó að til Aþenu hefur hún aldrei komið.	19,9	52,5	76,2	86,7	-527	.000	711
b. T3045	Hann sagði að þjóðsönginn gæti hann ekki sungið.	16,4	36,3	55,4	69,1	-.419	.000	713
c. T3051	Hann hélt að þá mynd hefðum við ekki séð.	25,4	36,9	62,5	67,1	-.368	.000	712
d. T3062	Ég efast samt um að þennan mann hafi hún hitt.	28,4	37,6	58,9	55,8	-.255	.000	710
e. T3090	Ráðherrann harmar að það mál skuli þeir ekki hafa rætt.	26,6	31,8	34,1	40,0	-.069	.067	710
f. T3095	Hann uppgötvaði að þá bók hafði hann ekki lesið.	43,7	64,8	81,5	84,7	-.340	.000	709
g. L3.22	Ég spurði hann hverja í gær hefði hann hitt.	4,5	1,7	1,8	1,2	.070	.062	712
h. T3049	Ég veit þó ekki hvort til Rómar hefur hún komið.	4,0	1,7	1,8	0,6	.083	.027	713
i. T3080	Þetta er strákurinn sem í París hitti ég síðast.	7,5	1,1	0,6	0,0	.170	.000	712

Tafla 17: *Jákvæðir dómar þátttakenda um kjarnaferslu í mismunandi aukasetningum.*

Eins og sjá má er hér greinilegur munur á skýringarsetningunum annars vegar og spurnar- og tilvísunarsetningunum hins vegar, enda var við því að búast. Setningarnar í fyrri flokknum fá að vísu nokkuð mismunandi

dóma en þar eru alls staðar nokkuð skýr tengsl við aldur: Því eldri sem þátttakendur eru, því líklegri eru þeir yfirleitt til að samþykkja kjarnafærslu í skýringarsetningum. Þessi fylgni við aldur er víðast meðalsterk eða jafnvel sterk og alls staðar mjög vel marktæk nema í e-dæminu. Ástæðan fyrir sérstöðu e-dæmisins kynni að vera sú að þar er flókið hjálpar-sagnasamband með háttarsögnin *skulu* í aukasetningunni (*skuli þeir ekki hafa rétt*). Þótt sögnin í móðursetningunni (*harma*) kalli á þetta orðasamband í máli margra er ekki víst að allir kunni jafnvel að meta það og það gæti verið ástæðan fyrir því að sú setning fær mun lakari dóma hjá eldri hópunum en önnur dæmi með kjarnafærslu í skýringarsetningum.³⁷ Það er ekki víst að öllum þyki hæfa að nota *skulu* í dæmum af þessu tagi. — Flestir hafna hins vegar dæmunum með kjarnafærslu í spurnar- og tilvísunarsetningum (dæmi g–i). Þar eru það aftur á móti frekast einhverjir úr hóp þeirra yngstu sem sætta sig við þau þótt munurinn á aldurshópunum sé ekki marktækur nema í síðasta tilvikinu. Það er þó varla hægt að slá neinu föstu um vaxandi samþykki á kjarnafærslu í tilvísunarsetningum á grundvelli þessa eina dæmis. *Mynd 17* sýnir hins vegar meðaleinkunnir aldurshópanna fyrir dæmin með kjarnafærslu í skýringarsetningum (dæmi a–f í *töflu 17* og í (33)).

Hér er nokkuð reglulegur tröppugangur: Því yngri sem þátttakendur eru, því ólíklegri eru þeir til að samþykkja þessi dæmi.

4.4.5 Stílfærsla

Joan Maling (1980) varð fyrst málfræðinga til að fjalla skipulega og fræðilega um setningar af eftirfarandi gerð í íslensku (eyður og færslur táknaðar hér á sama hátt og áður):


- (34)a. Honum mætti standa á sama [hvað væri sagt um hann].
 b. Honum mætti standa á sama [hvað **sagt** væri ___ um hann].
 c. Hann mundir eftir öllu [sem hafði farið fram].
 d. Hann mundi eftir öllu [sem **fram** hafði farið ___].

Í síðara dæminu í hvoru pari hefur feitletraði liðurinn (hér lýsingarháttur eða atviksorð (ögn)) verið færður fremst í setninguna (e.t.v. í það pláss sem frumlagið ætti að standa í ef sýnilegt frumlag væri í þessum dæm-

³⁷ Sú niðurstaða að kjarnafærslan gangi einna verst í skýringarsetningum með háttarsögninni *skulu* rímar reyndar ekki vel við þá hugmynd Gunnars Hrafns Hrafnbjargarsonar (2008) að tiltekna háttarsagnir, þar á meðal *skulu*, eigi að geta gert skýringarsetningar líkari aðalsetningum og þar með m.a. auðveldað kjarnafærslu í þeim.

102

Höskuldur Þráinsson o.fl.



Mynd 17: Meðaleinkunnir fyrir kjarnafærslu í skýringarsetningum.

um)³⁸ og Maling kallaði þessa formgerð *stylistic inversion* á ensku en síðar hefur hún yfirleitt verið kölluð *stylistic fronting*. Í íslenskum skrifum hefur þetta yfirleitt verið kallað **stílfærsla** og ýmsir hafa skrifað um fyrirbærið, ekki síst vegna þess að samsvarandi formgerð er ekki lengur til í nágrannamálanum nema færeysku (sjá t.d. Jóhannes Gísli Jónsson 1991, Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson 2004, Höskuld Þráinsson 2005:579 o.áfr., Ásgrím Angantýsson 2011:145 o.áfr., Höskuld Þráinsson o.fl. 2012:298–300 o.v.).

Eins og sjá má í (34) er stílfærsla í sjálfu sér afbrigði í orðaröð, þ.e. það er yfirleitt hægt að beita henni eða láta það ógert, og þess vegna m.a. þótti við hæfi að skoða hana í Tilbrigðaverkefningu. Það var m.a. gert með því að láta þátttakendur meta eftirtalin dæmi (sjá *Tilbrigði II*, 14. kafli):

³⁸ Eins og Maling (1980) benti fyrst manna á er eitt megineinkennið á stílfærslusetningum það að í þeim er „frumlagseyða“, þ.e. í þær vantar frumlag eða þá að það er ekki á sínum vanalega stað.

- (35) a. T3039 *Það vissi enginn hve miklu hafði verið stolið.*
Allir vissu þó að **stolið** hafði verið skjávörpum.
- b. T3071 *Sigrún vildi helst ekki bjóða sig fram.*
Hún spurði hvort **rætt** hefði verið við Helgu.
- c. T3094 *Talsvert hefur verið deilt um hjúskaparfrumvarpið.*
Það er frumvarp sem **lagt** hefur verið fram á Alþingi.
- d. T3099 *Við höfum lent í ýmsum erfiðleikum.*
Þetta er eitt af þeim vandamálum sem **upp** hafa komið.
- e. T3024 *Það þurfti að taka margar erfiðar ákvarðanir um reksturinn.*
Þeir sem **erfiðustu ákvarðanirnar** tóku voru ekki öfundsverðir.
- f. T3040 *Það var unnið langt fram á kvöld.*
Þeir sem **erfiðustu verkin** höfðu unnið hættu þó fyrir.

Í fyrstu fjórum dæmunum er hinn færði liður lýsingarháttur eða atviksorð, líkt og í dæmunum í (34), en síðustu tvö dæmin eru frábrugðin að því leyti að þar hefur heill nafnliður verið færður (*erfiðustu ákvarðanirnar*, *erfiðustu verkin*). Eins og Maling benti upphaflega á felst stílfærsla yfirleitt í því að færa „litla“ liði (þ.e. eitt orð, kannski höfuð liðar) en kjarnafærsla í því að færa stærri liði eins og heila nafnliði (nafnorð með ákvæðisorði) eða forsetningarliði (forsetningu og eftirfarandi nafnlið). Því þótti m.a. forvitnilegt að skoða hvort þátttakendur í Tilbrigðaverkefninu myndu meta (35e-f) (þau innihalda færða stórlíði) á hliðstæðan hátt og kjarnafærslusetningarnar sem áður voru ræddar eða líkt og stílfærsludæmin í (35a–d).³⁹ Dómar þátttakenda sjást í *töflu 18* (sbr. *Tilbrigði II*, 14. kafli).

Hér eru það alls staðar eldri hóparnir tveir sem kunna best að meta dæmin og fylgni við aldur er alls staðar mjög vel marktæk nema í fyrsta dæminu. Það dæmi fær reyndar almennt mun síðri dóma en dæmi b-d. Síðustu dæmin tvö fá svo mun verri dóma en hin hjá yngstu kynslóðinni — og reyndar metur hún þau á svipaðan hátt og flest kjarnafærsludæmin sem áður voru til umræðu (að frátöldum þeim sem flestallir töldu ótæk, sjá *töflu 17*). Það má túlka sem stuðning við þá hugmynd að færsla stórra liða (e. *maximal projections*) sé í eðli sínu kjarnafærsla, hvort sem frum-

³⁹ Fræðilega spurningin snýst þá m.a. um það hvort skilgreiningaratriði á stílfærslu sé „frumlagseyða“ eða stærð og eðli hins færða liðar. Ef frumlagseyða er nægilegt skilyrði er stílfærsla í öllum dæmunum í (35). Ef stílfærsla færir ekki stóra liði (heila nafnliði, forsetningarliði) eru dæmi (35e-f) kjarnafærsla en ekki stílfærsla. Sjá umræðu um þetta t.d. hjá Höskuldi Dráinssyni 2007:368 o.áfr.

NÚMÉR	SETNING	9.B.	20-25	40-45	65-70	R	P	N
a. T3039	Allir vissu þó að stolið hafði verið skjávörpum.	42,3	32,8	33,9	51,8	-.038	.318	710
b. T3071	Hún spurði hvort rætt hefði verið við Helgu.	58,0	82,7	90,5	84,8	-.262	.000	712
c. T3094	Það er frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi.	65,0	91,1	95,2	92,1	-.286	.000	712
d. T3099	Þetta er eitt af þeim vandamálum sem upp hafa komið.	59,0	76,5	92,2	89,7	-.305	.000	711
e. T3024	Þeir sem erfiðustu ákvarðanirnar tóku voru ekki öfundsverðir.	25,4	56,2	76,8	86,0	-.480	.000	711
f. T3040	Þeir sem erfiðustu verkin höfðu unnið hættu þó fyrir.	23,4	39,0	49,4	59,1	-.296	.000	710

Tafla 18: *Jákvætt mat á dæmum með framfærslu í aukasetningum með frumlagseyðu.*

lagseyða er í setningunni eða ekki, og hin raunverulega stílfærsla sé færsla „smáliða“ (þ.e. höfuðs, sbr. athugasemdina í nmgr. 39). Annars vekur líka athygli að e-dæmið fær yfirleitt mun betri dóma en f-dæmið hjá öllum nema þeim yngstu. Kannski á samhengið þátt í því þar sem ýmsum finnst stílfærslan fela í sér sérstakan stíl og er því vætnanlega viðkvæm fyrir samhengi.⁴⁰


Loks má til fróðleiks sýna með súluriti hvernig aldurshóparnir meta hinar „dæmigerðu“ stílfærslusetningar, þ.e. a–d í *töflu 18* (og (35)). Það er gert á *mynd 18*.

Hér er munur aldurshópanna líka nokkuð reglulegur en minni en þegar kjarnafærsla í aukasetningum átti í hlut. Meðaleinkunnirnar eru líka hærri hér, enda liggur nokkuð ljóst fyrir að stílfærsla í aukasetningum er algeng í íslensku. Hún ber samt nokkurn keim af ritmáli fremur en talmáli og það kann að skýra þá staðreynd að yngstu hóparnir eru heldur tregari en þeir eldri til að telja hana eðlilegt mál. Í þessu sambandi má svo líka minna á að þátttakendum var sagt að miða einkum við talmál í dómum sínum.

⁴⁰ Í þessu sambandi má t.d. bera saman dæmi eins og *Hún spurði hvort rætt hefði verið við Helgu* (b-dæmið í *töflu 18*) og samsvarandi dæmi með leppnum *það: Hún spurði hvort það hefði verið rétt við Helgu*). Ýmsir líta svo á að leppurinn *það* sé til marks um óformlegt málsnið. Honum mun t.d. vera eytt nokkuð kerfisbundið þegar gengið er frá umræðuköflum á Alþingi (Berglind Steinsdóttir í samtali) og stílfærsla þykir þar fara betur.

Hvert stefnir í íslenskri setningagerð?

105



Mynd 18: Meðaleinkunnir fyrir dæmigerðar stílfærslusetningar.

4.5 Samantekt

Við höfum nú litið á 15 tilbrigði í íslenskri setningagerð þar sem afbrigðin fá nokkuð misjafna dóma hjá ólíkum aldurshópum. Leiðsögutilgátan var sú að með því að skoða muninn á dómum aldurshópanna mætti fá vísendingu um aldur og útbreiðslu afbrigðanna. Þau afbrigði sem einkum væru bundin við yngstu hópana væru þá væntanlega síðast til komin, þau sem fengju líka, eða jafnvel einkum, góða dóma hjá þeim eldri væru sennilega eldri. Eins og við höfum séð er málið þó ekki alltaf svona einfalt. Þau atriði sem hér voru skoðuð voru þessi (nokkrar athugasemdir fylgja með):

- (36) Afbrigði sem yngstu aldurshóparnir kunna best að meta:
- Nýja þolmyndin.** Er líklega tiltölulega nýtt fyrirbæri. Verulegur munur yngsta og næstýngsta aldurshóps gæti bent til þess að aldursbinding hafi einhver áhrif, hver sem hin undirliggjandi ástæða gæti verið. Það er nú til skoðunar (sjá líka umræðu hjá Sigríði Sigurjónsdóttur, væntanl.).

- b. **Afturbeygð þolmynd.** Mat aldurshópanna minnir á mat þeirra á nýju þolmyndinni en er þó almennt jákvæðara, einkum hjá næst- yngsta hópnum. Ef afturbeygða þolmyndin er nauðsynlegur fyrir- rennari nýju þolmyndarinnar mætti búast við eldri dæmum um þá afturbeygðu í textum.
- c. **Útvíkkun framvinduhorfs** til tiltekinna ástandssagna. Dreifist síður til eldri aldurshópanna en **handboltahorfið** svokallaða en þó meira en nýja þolmyndin. Yngsti aldurshópurinn í fararbroddi.
- d. **Framsöguháttur í stað viðtengingarháttar** í skýringarsetningum og sumum atvikssetningum (á eftir *nema* og *þótt*). Þetta er auðvelt að kanna í textum og hefur verið gert að nokkru leyti (sjá Þórunni Blöndal 2013 og rit sem þar er vísað til).
- e. **Viðtengingarháttur í stað framsöguháttar** í skilyrðissetningum (á eftir *ef*). Þessa þróun mætti bera saman við sókn viðtengingarháttar í spurnarsetningum með *hvort* (sbr. Guðrúnu Þórðardóttur 2006, 2012).
- (37) Afbrigði sem talsverður fjöldi þátttakenda úr öllum aldurshópum samþykkir en þó almennt frekar þeir yngri:
- a. **Þágufallshneigð** (þágufallssýki). Niðurstöðurnar eru í aðalatriðum í samræmi við það sem aðrar kannanir hafa sýnt (sjá t.d. Ástu Svavarsdóttur 2013).
- b. **Þágufallsandlag** fremur en þolfallsandlag með tilteknum sögnum. Þetta rímar allvel við aðrar rannsóknir (sjá t.d. Jóhannes Gísla Jónsson 2013).
- c. **Samræmi við hlutaeignarfall.** Er býsna algengt hjá eldri hópnum og virðist því ekki vera mjög nýlegt fyrirbæri. Það má kanna í textum.
- d. **Langdræg afturbeyging** út úr skýringarsetningum í framsögu- hætti. Hér gæti þróunin verið að færast í eldra horf ef marka má vitnisburð fornra texta (sjá Eirík Rögnvaldsson 2013).
- e. **Greinir** á orðum í orðasamböndum sem tákna óaðskiljanlega eign (*líf hans*).
- (38) Afbrigði sem fá að jafnaði því betri dóma sem þátttakendur eru eldri:
- a. **Enginn greinir í eignarsamböndum** á orðum sem tákna óaðskiljanlega eign (*líf hans*).
- b. **Samræmi við nefnifallsandlag.** Hér væri samanburður við texta frá ýmsum tímum býsna forvitnilegur.

- c. **Eignarfall persónufornafns í tengdum liðum.** Ókannað mál til þessa.
- d. **Kjarnafærsla** í aukasetningum. Rímar allvel við niðurstöður úr öðrum rannsóknnum (sjá t.d. Ásgrím Angantýsson 2011).
- e. **Stílfærsla.** E.t.v. er hér um of formlegt málsnið að ræða til þess að unglíngum þyki það almennt eðlilegt mál, sérstaklega ef þeir eru beðnir að miða dóma sína einkum við talmálslegt málsnið.

Þessi munur á mati afbrigðanna sýnir að þær breytingar sem um er að ræða (tilbrigði af þessu tagi eiga yfirleitt rót sína að rekja til breytinga eins og áður var nefnt) eru bæði mislangt á veg komnar í málsamfélaginu og breiðast líka út á mismunandi hátt. Það er áhugavert fyrir þá sem vilja skilja eðli málbreytinga, eins og nánar er rætt í lokaorðum.

Loks er vert að ítreka að þótt mat ólíkra kynslóða á þeim afbrigðum sem hér hafa verið til umræðu geti oft gefið vísbendingar um aldur þeirra og eðli útbreiðslunnar er mikilvægt að leita einnig eftir vitnisburði um slíkt úr öðrum áttum. Þann vitnisburð má oft fá með því að nýta sér gagnasöfn af ýmsu tagi, svo sem málheildir og trjábanka (sjá t.d. Sigrúnu Helgadóttur o.fl. 2012, Eirík Rögnvaldsson o.fl. 2012). Í öðrum tilvikum væri gott að fá samanburðarathuganir af öðru tagi til að skera úr um aldur. Það er ekki bara fróðlegt í sjálfu sér heldur getur það hjálpað okkur að túlka þau gögn sem hér er sagt frá, t.d. sýnt hvort aldursbinding er á ferðinni, hvort tiltekin nýjung hefur breiðst (hratt) út þvert á kynslóðaskil o.s.frv. Slíkt getur varpað ljósi á eðli nýjunganna og útbreiðslunnar. Hins vegar er líka þörf á því að skoða einstök tilbrigði mun nánar en hér hefur verið gert og á „setningafræðilegri“ hátt. Dæmi um slíkar athuganir má finna í *Tilbrigðabók III*, en það er líka von okkar að þessi grein og hinar tilbrigðabækurnar geti nýst sem undirstaða undir frekari rannsóknir af því tagi og vakið áhuga málfræðinga til að sinna þeim.

5 Lokaorð

Í upphafi var markmiði þessarar greinar lýst svo:

- (39)a. Að gefa yfirlit yfir nokkur tilbrigði í íslenskri setningagerð og skoða hvort dreifing afbrigðanna getur gefið okkur vísbendingar um það hvert þróunin stefnir.
- b. Að nota þann efnivið sem safnað hefur verið um þessi atriði í nýlegu rannsóknarverkefni til þess að fjalla á almennan hátt um það að hvaða marki er hægt að nota gögn úr samtímalegum könnunum til þess að átta sig á málbreytingum og eðli þeirra.

Af samantektinni hér á undan (í (36)–(38)) má fá hugmynd um það hvert stefnir í íslenskri setningagerð að því er þau atriði varðar sem hér hafa verið á dagskrá. Þar eru í fyrsta lagi talin afbrigði sem virðast vera nýleg vegna þess að það eru einkum yngstu aldurshóparnir sem telja þau eðlilegt mál (sjá (36)). Þetta eru yfirleitt atriði sem menn höfðu hugboð um áður þótt útbreiðsla þeirra hefði ekki verið rannsökuð ítarlega. Að því leyti má segja að þarna komi fátt á óvart — fremur sé um að ræða staðfestingu á því sem menn grunaði áður. Í því sambandi er þó vert að ítreka að viðtengingarháttur er ekki einfaldlega að hverfa, eins og stundum hefur verið haldið fram, heldur er hann í sókn í sumum setningagerðum þótt hann sé á undanhaldi annars staðar. Í öðru lagi hefur verið fjallað um afbrigði í íslenskri setningagerð sem hafa náð verulegri útbreiðslu í öllum aldurshópum en virðast þó vera í sókn svona hægt og bítandi, ef svo má segja. Þau sem talin eru í (37) eru væntanlega af þeirri gerð, t.d. þágufallshneigðin (þágufallssýkin) margnefnda.

Loks voru talin nokkur atriði í (38) sem helst njóta hylli hjá eldri málnotendum. Það er þó ekki víst að þar sé í öllum tilvikum um að ræða afbrigði sem eru að hverfa úr málinu. Sumt af því sem þar er talið kann að einhverju leyti að vera bundið við málsnið sem er eldra fólki tamara en því yngra, t.d. stílfærslan svonefnda.

Til að ná seinna markmiðinu höfum við reynt að skoða hvað niðurstöður Tilbrigðaverkefnisins segja um útbreiðslu þeirra afbrigða sem hér voru á dagskrá. Sum þeirra virðist fólk einkum tileinka sér á máltökuskeiði, önnur virðast hafa breiðst út „eins og eldur í sinu“, þvert á kynslóðir. Þetta endurspeglar trúlega að einhverju leyti mismunandi eðli þessara fyrirbæra. Þar sem í raun og veru er um „málfræðilega nýjung“ að ræða er líklegt að fyrirbærið breiðist út með nýjum kynslóðum sem tileinka sér það á máltökuskeiði. Nýja þolmyndin er líklega besta dæmið um það. Þær nýjungar sem fela í sér útvíkkun eða jákvæðari afstöðu til einhvers sem þegar er fyrir í málinu í einhverju formi geta frekar breiðst út þvert á kynslóðir. Útvíkkun framvinduhorfs, og þó einkum handboltahorfið svonefnda, virðist gott dæmi um þetta.

Nú er auðvitað ekki víst að allir séu sammála um það að nýja þolmyndin sé „djúp“ málbreyting en handboltahorfið sé dæmi um „yfirborðslega útbreiðslu“. Sumir vilja kannski líta svo á að öll þau fyrirbæri sem hér hafa verið rædd séu í raun yfirborðsleg í eðli sínu og varði ekki þann djúpa kjarna sem málkunnáttan byggist á, t.d. það sem stundum er kallað *core syntax*. Slíkir efasemdarmenn þurfa þá að koma með einhverja skýringu á því hvers vegna sá skýri munur kemur fram sem hér hefur verið bent á.

Ef það sem nú var rakið er rétt mat á niðurstöðunum er það áhugavert frá fræðilegu sjónarmiði því það varðar spurninguna um það hvernig málbreytingar verða og jafnvel hvenær einhver nýjung getur talist málbreyting. Í hefðbundinni umfjöllun um málsögu er gjarna talað um að málbreyting „hefjist“ á einhverjum tilteknum tíma, geti síðan „staðið yfir“ í langan tíma, jafnvel nokkur hundruð ár, og henni sé ekki „lokið“ fyrr en hún hefur náð til alls málsamfélagsins. Þannig segir Stefán Karlsson t.d. um breytingar á forníslenska sérhljóðakerfinu (2000:24):

Allar þessar breytingar — eins og málbreytingar yfirleitt — hafa án efa verið nokkra mannsaldra að ganga yfir landið allt.

Sumir málkunnátufraðingar líta hins vegar þannig á að málbreytingar „taki engan tíma“, þ.e. þær gerist þegar barn á máltökuskeiði „mistúlkar“ þau málgögn sem það elst upp við (sjá t.d. Hale 2007:33–34, sbr. líka sbr.umræðu hjá Margréti Guðmundsdóttur 2008:27). Aftur á móti geti **útbreiðsla** (e. *diffusion*) breytinganna tekið tíma, en það sé annað mál. Hale lýsir þessu svo (2007:39, leturbreyting okkar):

The general contrast between change and diffusion must necessarily be maintained if we are to limit our attention to relevant phenomena. That the two types of phenomena really contrast can be seen quite clearly from the fact that changes need not diffuse ... Of course, virtually the entire record of changes used in historical linguistics consists of examples of changes which have diffused. Since I believe that **diffusion is a highly unconstrained process** — i.e. that any possible change could as easily diffuse under the proper sociolinguistic conditions for diffusion — this fact should not introduce distortion into the study of language change.

Hér segir Hale m.a. að sérhver nýjung í máli sé hin raunverulega breyting, óháð því hvort hún breiðist síðan út eða ekki.

Félagsmálfræðingar líta hins vegar yfirleitt svo á að tiltekin nýjung hafi ekki leitt til breytingar nema hún nái til verulegs hluta af málsamfélaginu. Þessi afstaða kemur t.d. skýrt fram í eftirfarandi flokkun á nýjungum og tengslum þeirra við útbreiðslu og málbreytingar (Milroy og Milroy (1985:347–348, uppsetning og feitletrun okkar):

- A speaker innovation may fail to diffuse beyond the speaker.
- A speaker innovation may diffuse into a community with which he/she has contact, and go no further.

- A speaker innovation may diffuse into a community with which he/she has contact and then subsequently diffuse from that community into other communities via a further innovator who has ties with both the relevant communities. When the results of this process are observed, we tend to label the results as ‘linguistic change’. The set of possible communities through which such a change can diffuse is in principle infinite, and although linguistic and social constraints on a change can in some instances be specified, **the limits of POSSIBLE diffusion cannot be precisely stated** — either in terms of space and time or in terms of the possible states of language or society that may favour or disfavour the change.

Hér virðast þau Milroy og Milroy líta svo á að nýjung (e. *speaker innovation*) leiði ekki til raunverulegrar málbreytingar (e. *linguistic change*) nema hún dreifist út fyrir það málsamfélag (þ.e. það sem þau kalla *community*) sem hún hefur kviknað í. Hér kveður greinilega við allt annan tón en hjá Hale.

Nú kann lesendum að finnast að hér sé verið að deila um keisarans skegg, munurinn snúist aðallega um mismunandi nafngiftir á mállegum fyrirbærum. Án þess að taka afstöðu til þess viljum við vekja athygli á einu sem J. Milroy, L. Milroy og Hale virðast vera sammála um: Þau virðast öll líta svo á að engar sérstakar málfræðilegar hömlur séu á útbreiðslu (e. *diffusion*) breytinga, sbr. feitletruðu setningarnar í því sem haft er eftir þeim hér framar. Þau gögn sem hafa verið rædd í þessari grein benda hins vegar til þess að sumar nýjungar geti breiðst út þvert á kynslóðaskil en aðrar ekki eða síður. Það geti m.ö.o. verið málfræðilegar hömlur á því hvers konar málnýjungar fullorðið fólk tileinkar sér. Nýja þolmyndin svokallaða sé einmitt dæmi um nýjung sem menn tileinka sér fyrst og fremst eða jafnvel eingöngu á máltökuskeiði en útvíkkun framvinduorfs t.d. sé annars eðlis. Stórar yfirlitskannanir eins og Tilbrigðakönnunin eru einmitt vel til þess fallnar að uppgötva eðlismun af þessu tagi. Síðan þarf auðvitað að grafast nánar fyrir um það hvernig á honum getur staðið.

HEIMILDIR

- Amalía Björnsdóttir. 2003. Útskýringar á helstu tölfræðihugtökum. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.): *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum*, bls. 115–129. Háskólinn á Akureyri, Akureyri.
- Ásgrímur Angantýsson. 2011. *The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Languages*. Doktorsritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir. 1982. „Þágufallssýki“: Breytingar á fallnotkun í frumlagssæti ópersónulegra sagna. *Íslenskt mál* 4:19–62.
- Ásta Svavarsdóttir. 2013. Þágufallshneigð í sjón og raun. Niðurstöður spurningakannana í samanburði við málnotkun. Höskuldur Þráinsson o.fl. (ritstj.) 2013, bls. 83–110.
- Bailey, Guy. 2002. Real and Apparent Time. J.K. Chambers, Peter Trudgill og Natalie Schilling-Estes (ritstj.): *The Handbook of Language Variation and Change*, bls. 312–332. Blackwell, Oxford.
- Bailey, Guy, Tom Wikle, Jan Tillery og Lori Sand. 1991. The Apparent Time Construct. *Language Variation and Change* 3:241–262.
- Björn Guðfinnsson. 1946. *Mállýzkur I*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Björn Guðfinnsson. 1947. *Breytingar á framburði og stafsetningu*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík. [Önnur útg. hjá Íðunni, Reykjavík, 1981.]
- Björn Guðfinnsson. 1964. *Mállýzkur II*. Um íslenzkan framburð. Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson unnu úr gögnum höfundar og bjuggu til prentunar. Heimspékideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Chambers, J.K. 2002. Patterns of Variation Including Change. J.K. Chambers, Peter Trudgill og Natalie Schilling-Estes (ritstj.): *The Handbook of Language Variation and Change*, bls. 349–372. Blackwell, Oxford.
- Chambers, J.K., og Peter Trudgill. 1998. *Dialectology*. 2. útg. Cambridge University Press, Cambridge.
- Eckert, Penelope. 1997. Age as a Sociolinguistic Variable. Florian Coulmas (ritstj.): *The Handbook of Sociolinguistics*, bls. 151–167. Blackwell, Oxford.
- Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson. 2005. *Gagnavinnsla í SPSS*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Einar Freyr Sigurðsson. 2012. *Germynd en samt þolmynd*. Um nýju þolmyndina í íslensku. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2005. Setningafræðilegar breytingar í íslensku. 15. kafli í bókinni *Setningar*. *Handbók um setningafræði*, bls. 602–635. Íslensk tunga, III. bindi. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2013. Talmál og tilbrigði. Skráning, mörkun og setningafræðileg nýting talmáls safna. Höskuldur Þráinsson o.fl. (ritstj.) 2013, bls. 69–82.
- Eiríkur Rögnvaldsson, Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Joel Wallenberg. 2012. Sögulegi íslenski trjábankinn. *Gripla* 23:331–352.
- Elva Dána Davíðsdóttir. 2008. *Mér leiðast bókmenntatímarnir*. Könnun á samræmi sagnar við nefnifallsandlag á Húsavík. BA-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Field, Andy. 2005. *Discovering Statistics Using SPSS* (and sex, drugs and rock 'n roll). 2. útg. Sage Publications, London.

- Friðrik Magnússon. 1990. *Kjarnafersla og það-innskot í aukasetningum í íslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gísli Jónsson. 1979. Íslenskt mál. *Morgunblaðið* 20. maí, bls. 14.
- Gísli Jónsson. 1998. Íslenskt mál. *Morgunblaðið* 7. febrúar, bls. 34.
- Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir. 2011. *Samræmi og samræmisleysi*. Lífandi tilbrigði í íslensku máli. BA-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Guðrún Þórðardóttir. 2006. Er notkun viðtengingarháttar að breytast? *Íslenskt mál* 28:57–77.
- Guðrún Þórðardóttir. 2012. *Viðtengingarháttur í sókn*. Um breytingar á háttanotkun í spurnarsetningum í nútíð með tengingunni *hvort*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gunnar Gunnarsson. 2010. *Ástandssagnir í framvinduhorfi*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson. 2004. Stylistic Fronting. *Studia Linguistica* 58:88–134.
- Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson. 2008. Liberalizing Modals and Floating Clause Boundaries. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 82:103–130.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic in a Comparative GB Approach*. Doktorsritgerð, Lúndarháskóla, Lúndi. [Endurprentuð hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands 1992.]
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1990. Long Distance Reflexives and Moods in Icelandic. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 309–346. Syntax and Semantics 24. Academic Press, San Diego.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1990–1991. Beygingarsamræmi. *Íslenskt mál* 12–13:31–77.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1992. Um beygingarsamræmi og málkunnáttu. *Íslenskt mál* 14:63–87.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2010. Mood in Icelandic. Björn Rothstein og Rolf Thieroff (ritstj.): *Mood in the Languages of Europe*, bls. 33–55. John Benjamins, Amsterdam.
- Heimir Freyr Viðarsson. 2009. Tilbrigði í fallmörkun aukafallsfrumлага. Þágufallshneigið í forníslensku? *Íslenskt mál* 31:15–66.
- Helgi Bernóússon. 1982. *Ópersónulegar setningar*. Ritgerð til kandídatsprófs í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1991. Nýstárleg þolmynd í barnamáli. *Skíma* 14:18–22.
- Helgi Þjeturss. 1928. Málsýking. *Vísir*, 7. mars, bls. 2.
- Hockett, Charles. 1950. Age-Grading and Linguistic Continuity. *Language* 26:449–459.
- Hreinn Benediktsson. 1959. The Vowel System of Icelandic: A Survey of Its History. *Word* 15:282–312. [Einig prentað í greinasafni Hreins *Linguistic Studies, Historical and Comparative*, bls. 50–73. Útg. Málvísindastofnun Háskóla Íslands 2002, ritstj. Guðrún Þórhallsdóttir, Höskuldur Þránínsson, Jón G. Friðjónsson og Kjartan Ottosson.]
- Höskuldur Þránínsson. 2001. Um nafngiftir hjálparsgagnasambanda. *Íslenskt mál* 23:229–252.
- Höskuldur Þránínsson. 2005. *Setningar*. Handbók um setningafræði. Ritstjóri og aðahöfundur Höskuldur Þránínsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þránínsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Höskuldur Þránínsson, Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson, Sigrún Steingrims-

- dóttir og Þórhallur Eypórsson. 2013. Efnissöfnun og aðferðafræði. Höskuldur Práinsson o.fl. (ritstj.) 2013, bls. 19–68.
- Höskuldur Práinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. 2013. Markmið. Höskuldur Práinsson o.fl. (ritstj.) 2013, bls. 11–17.
- Höskuldur Práinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris S. Hansen. 2012. *Faroese: An Overview and Reference Grammar*. 2. útg. Fróðskapur, Þórshöfn, og Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Fyrst útg. hjá Føroya Fróðskaparfelagi 2004 í Þórshöfn.]
- Höskuldur Práinsson og Kristján Árnason. 1992. Phonological Variation in 20th Century Icelandic. *Íslenskt mál* 14:89–128.
- Höskuldur Práinsson og Kristján Árnason. 2001. Íslenskar mállýskur. *Alfræði íslenskrar tungu*. Ritstj. Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson. Námsgagnastofnun, Reykjavík. [Margmiðlunardiskur.]
- Höskuldur Práinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2013. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*. I. Markmið, aðferðir og efniviður. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Jóhanna Barðdal. 2001. *Case in Icelandic – A Synchronic, Diachronic and Comparative Approach*. Department of Scandinavian Languages, Lund.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1991. Stylistic Fronting in Icelandic. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 48:1–44.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 350–409. Handbók um setningafræði. Íslensk tunga, III. bindi. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Práinsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2013. Two Types of Case Variation. *Nordic Journal of Linguistics* 36,1:5–25.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson. 2003. Breytingar á frumlagsfalli í íslensku. *Íslenskt mál* 25:7–40.
- Jóhannes Bjarni Sigtryggsson. 2011. *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. 2004. Íslenskt mál – 29. þáttur. *Morgunblaðið* 5. júní 2004. [Einnig aðgengilegt á slóðinni <http://xn--mlfri-xqa2b6e.is/grein.php?id=25>.]
- Jón Helgason. 1929. *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*. Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga 7. Kaupmannahöfn.
- Jón Ófeigsson. 1920–1924. Træk af moderne islandsk lydlære. Sigfús Blöndal (ritstj. og aðalhöfundur): *Íslensk-dönsk orðabók*, bls. XIV–XXVII. Reykjavík.
- Kotsinas, Ulla-Britt. 2004. *Ungdomsspråk*. Hallgren och Fallgren, Stokkhólmi. [Upphafll. útg. 1994.]
- Kristján Árnason. 1981. Um merkingu viðtengingarháttar í íslensku. *Afmælistveðja til Halldórs Halldórssonar*, bls. 154–172. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð*. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Meðhöfundur Jörgen Pind. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kristján Árnason og Höskuldur Práinsson. 2003. Fonologiske dialekttræk på Island. Generationer og geografiske områder. Gunnstein Akselberg, Anne Marit Bødal og Helge Sandøy (ritstj.): *Nordisk dialektologi*, bls. 151–196. Novus, Oslo.

- Labov, William. 1966. *The Social Stratification of English in New York City*. Center for Applied Linguistics, Washington D.C.
- Labov, William. 1972. *Sociolinguistic Patterns*. University of Pennsylvania Press, Philadelphia.
- Labov, William. 2001. *Principles of Linguistic Change*. Volume 1. Internal Factors. Blackwell, Oxford. [Fyrst útg. 1994. Önnur prentun af útgáfunni frá 2001 með nýjum for-mála eftir Peter Trudgill 2010.]
- Maling, Joan. 1980. Inversion in embedded Clauses in Modern Icelandic. *Íslenskt mál* 2, 175–193.
- Maling, Joan. 2002. Það rignir þágufalli á Íslandi. Verbs with dative objects in Icelandic. *Íslenskt mál* 24:31–105.
- Margrét Guðmundsdóttir. 2008. Málbreytingar í ljósi málkunnáttufræði. *Íslenskt mál* 30:7–52.
- Milroy, James, og Lesley Milroy. 1985. Linguistic Change, Social Network and Speaker Innovation. *Journal of Linguistics* 21(2):339–384.
- Sankoff, Gillian. 2005. Cross-Sectional and Longitudinal Studies in Sociolinguistics. Peter Trudgill (ritstj.): *Sociolinguistics: An International Handbook of the Science of Language and Society*, bls. 1003–1013. Mouton de Gruyter, Berlín.
- Sankoff, Gillian, og Hélène Blondeau. 2007. Language Change across the Lifespan: /r/ in Montreal French. *Language* 83:560–588.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. Væntanlegt. Nýja þolmyndin nú og þá. Samanburður veggja kannana. Væntanlegt í bókinni *Tilbrigði í íslenskri setningagerð III*. Sérathuganir. Mál-vísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001. „Það var hrint mér á leiðinni í skólann“: Þolmynd eða ekki þolmynd? *Íslenskt mál* 23:123–180.
- Sigrún Helgadóttir, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Kristín Bjarnadóttir og Hrafn Loftsson. 2012. The Tagged Icelandic Corpus (MÍM). *Proceedings of the Workshop on Language Technology for Normalisation of Less-Resourced Languages -SaLTMiL 8 – AfLaT2012*. Ístanbul, Tyrklandi.
- Silja Björk Huldudóttir. 2006. Undirstöður tungumálsins að bresta. [Frásögn af ráðstefnu um stöðu málsins.] *Morgunblaðið* 23. janúar, bls. 1 og 20–21.
- Soffía Magnúsdóttir. 2008. *Viðtengingarháttur í aukasetningum*. Rannsókn á viðtengingar-hætti í aukasetningum í ritgerðum nemenda til stúdentsprófs við Verzlunarskóla Íslands vorið 2006. MPAed-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Stefán Karlsson. Tungan. Guðvarður Már Gunnlaugsson (ritstj.): *Staffkrókar*, bls. 19–75. Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík. [Áður birt í *Íslenskri þjóðmenningu* 6, Þjóðsaga, Reykjavík, 1989.]
- Svenonius, Peter. 2002. Icelandic Case and the Structure of Events. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 5:197–225.
- Theódóra A. Torfadóttir. 2004. *Verlaufsformen*. Isländisch, rheinisches Deutsch, Englisch. Magistersritgerð, Humboldt Háskóla, Berlín.
- Tilbrigði í íslenskri setningagerð II*. Helstu niðurstöður — Tölfræðilegt yfirlit. Ritstj. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson. Væntan-legt hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Wagner, Suzanne Evans. 2012. Age Grading in Sociolinguistic Theory. *Language and Linguistics Compass* 6(6):371–382.

Pórey Selma Sverrisdóttir. 2001. „Alltof fáir voru að leika eins og þeir geta best.“ Rannsókn á notkun hjálparsagnasambandsins *vera að* + nafnháttur í íþrótafréttum. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Þórunn Blöndal. 2013. Tilbrigði í setningagerð í rituðum texta. Höskuldur Þráinsson o.fl. (ritstj.) 2013, bls. 111–127.

VIÐAUKI I

**Skýringar
sem voru prentaðar á forsiðu spurningalistanna
í Tilbrigðaverkefninu og lesnar upphátt
fyrir þátttakendur**

Íslenskt mál er margbreytilegra en við gerum okkur oft grein fyrir. Nútímamál er ekki eins og fornámál, fólk hefur ólíkan framburð eftir því hvar það býr á landinu, unglíngar tala öðruvísi en afar þeirra og ömmur o.s.frv. Oft er líka um tvo kosti eða fleiri að velja í málnotkun. Til dæmis geta flestir ýmist sagt *Hún setti allt dótið niður* eða *Hún setti niður allt dótið*. Stundum kemur hins vegar bara einn kostur til greina. Þannig segja væntanlega allir *Hún setti það niður* og enginn *Hún setti niður það*.

Markmið þessarar könnunar er að skoða ýmis tilbrigði í setningagerð og athuga hversu útbreidd þau eru og hvort þau eru mismunandi eftir landslutum eða aldurshópum. Athugið í því sambandi að:

- það er **ekki** verið að kanna hvað þátttakendur telja að sé gott (eða rétt) mál eða þá vont (eða rangt) mál,
- það er ekki verið að kanna hvað fólki hefur verið **sagt** um slíka hluti heldur bara hvað því **finnst** að það segi **sjálft** eða **geti** sagt,
- það er ekki heldur verið að leita eftir kunnáttu í því hvað mönnum hefur verið kennt að sé góður stíll eða hvað fari vel í ritmáli, svo sem þegar kennt er að menn eigi helst að skrifa *Ég færi ef það væri hægt* og síður *Ég mundi fara ef það væri hægt*,
- hér er fyrst og fremst miðað við **talmál**,
- sum dæmin hér á eftir eru kannski alveg ótæk að mati þátttakenda, önnur alveg eðlileg og einhver eru væntanlega mitt á milli.

Athugið loks að nöfn þátttakenda munu hvergi koma fram í því sem verður birt um rannsóknina. Þau eru aðeins geymd á sérstöku blaði til þess að hægt sé að hafa samband við þátttakendur ef einhverjar spurningar koma upp síðar.

VIÐAUKI II

Yfirlit yfir efni bókarinnar

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

Helstu niðurstöður – Tölfræðilegt yfirlit

6. **Um tölfræðiyfirlitið** (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson)
7. **Fallmörkun** (Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eyþórsson, Ásta Svavarsdóttir, Þórunn Blöndal)
8. **Um þolmynd, germynd og það** (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir, Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eyþórsson)
9. **Um vera að og vera búinn að** (Höskuldur Þráinsson, Theódóra A. Torfadóttir)
10. **Fornöfn** (Höskuldur Þráinsson, Tania Strahan)
11. **Hættir og tíðir** (Höskuldur Þráinsson, Guðrún Þórðardóttir)
12. **Samræmi** (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Jóhannes Gísli Jónsson)
13. **Eignarsambönd** (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson)
14. **Kjarnafærsla, stílfærsla, leppsetningar og frumlagseyða** (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Heimir Freyr Viðarsson)
15. **Orðaröð í aukasetningum** (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson)
16. **Ýmislegt** (Höskuldur Þráinsson, Matthew Whelpton, Jóhannes Gísli Jónsson)

SUMMARY

‘Where is Icelandic syntax headed?
On synchronic studies and linguistic change’

Keywords: Icelandic syntax, variation, change, apparent time, age grading

This paper reports on some results of a large scale study of variation in Icelandic syntax, supported by the Icelandic Research Fund. It has been referred to as IceDiaSyn (Icelandic Dialect Syntax) and was associated with the Scandinavian networks ScanDiaSyn (Scandinavian Dialect Syntax) and NORMS (Nordic Center of Excellence in Microcomparative Syntax). The variants reported on can be divided into three categories:

- variants that seem to be largely restricted to the youngest age groups (e.g. the so-called New Passive)

- variants which speakers from all age groups accept to some extent but primarily the younger ones (e.g. Dative Substitution)
- variants that are as a rule more generally accepted by the older speakers (e.g. agreement with nominative objects).

The purpose of the paper is twofold: On the one hand it seeks to determine which of the variants discussed seem to be gaining ground and which ones are on the retreat. On the other it discusses how and to what extent data from a synchronic study can be used to obtain insight into the nature and mechanism of linguistic change. Thus it is shown that some innovations in Icelandic syntax (e.g. certain extension of the progressive construction) have spread rather freely across generations whereas others (the so-called New Passive/New Impersonal Construction in particular) seem to be acquired as a part of language acquisition in childhood and do not spread across generations. In many instances the results can be used to form hypotheses about the relative age of syntactic changes in Icelandic, which can then be tested against textual evidence, e.g. by using existing treebanks and tagged corpora.

*Höskuldur Þráinsson, Eiríkur Rögnvaldsson,
Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir
Íslensku- og menningardeild
Háskóla Íslands
IS-101 Reykjavík, ÍSLAND
hoski@hi.is, eirikur@hi.is, jj@hi.is, siggag@hi.is*

*Ásta Svavarsdóttir
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – orðfræðisviði
Neshaga 18
IS 107 Reykjavík, ÍSLAND
asta@hi.is*

*Þórunn Blöndal
Menntavísindasviði
Háskóla Íslands
IS-105 Reykjavík, ÍSLAND
thorunnb@hi.is*